



## **Að breyta til batnaðar**

Sameinuðu þjóðirnar sem vængstýfð friðardúfa

Erna Rut Steinsdóttir

**Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði**

**Félagsvísindasvið**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Að breyta til batnaðar**  
*Sameinuðu þjóðirnar sem vængstýfð friðardúfa*

Erna Rut Steinsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Leiðbeinandi: Silja Bára Ómarsdóttir

Stjórnmálafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Erna Rut Steinsdóttir 2012

Reykjavík, Ísland 2012

## Útdráttur

Frá lokum Kalda stríðsins hefur heimsmyndin tekið miklum breytingum. Ein helsta breytingin er sú að í dag eiga átök sér frekar stað innan ríkja en á milli þeirra. Staða ríkja og öryggi þeirra hafa verið í brennidepli alþjóðastjórn mála sé miðað út frá kenningum raunhyggjunnar. Fullveldi ríkja er mikilvægt í alþjóðalögum þar sem það kemur í veg fyrir afskipti annarra gerenda alþjóðakerfisins af innanlandsmálum einstakra ríkja. Hagsmunir ríkja ásamt fullveldi þeirra hafa staðið í vegi fyrir íhlutunum af mannúðarástæðum sem alþjóðastofnanir á borð við Sameinuðu þjóðirnar standa fyrir. Þær hafa verið fremstar í flokki alþjóðastofnanna í að innleiða hugtakið verndarábyrgð. Í því felst samþætting fullveldis ríkja og ábyrgðar þeirra til að bregðast við þegar átök eiga sér stað innan ríkis sem ekki er fært um að afstýra eða stöðva gróf mannréttindabrot. Verndarábyrgðin hvílir að miklu leyti á kenningum heimsborgarhyggjunnar. Siðferði, öryggi og samkennd einstaklinga þvert á landamæri eru þar lykilatriðin. Aukin hnattvæðing og vitund um mannréttindi lögðu grunninn að mannöryggi, hugtaki sem þróaðist upp úr lokum Kalda stríðsins og hafði það hlutverk að efla íhlutanir af mannúðarástæðum. Það varð ekki fyrr en með tímanum sem öryggi einstaklinga hlaut svipaðan hljómgrunn innan alþjóðakerfisins og öryggi ríkja.

Aðgerðir Sameinuðu þjóðanna hvíla á ákvarðanatöku öryggisráðsins sem stjórnast að miklu leyti af neitunarvaldi fastaríkjanna fimm. Notkun neitunarvaldsins og aðgerðaleyfi stofnunarinnar á íhlutunum af mannúðarástæðum hefur hingað til verið bundið hagsmunum fastaríkjanna.

## **Formáli**

Þessi ritgerð er lokaverkefni mitt til BA prófs í stjórn málafræði við Háskóla Íslands. Hún er metin til 12 eininga (ECTS) af 120 eininga námi í stjórn málafræði og 60 eininga námi í sagnfræði. Leiðbeinandi minn var Silja Bára Ómarsdóttir og vil ég þakka henni fyrir frábæra leiðsögn og gott og skemmtilegt samstarf.

Ég vil einnig þakka Stefáni B. Önundarsyni fyrir ómetanlegan stuðning og þabba mínum, Steini Inga Kjartanssyni fyrir yfirllestur, aðstoð og hvatningu. Sömuleiðis þakka ég Davíð Pétri Steinssyni og Önundi Jónssyni fyrir gagnlegar ábendingar og aðstoð.

## Efnisyfirlit

<b>Útdráttur</b> .....	<b>4</b>
<b>Formáli</b> .....	<b>5</b>
<b>Inngangur</b> .....	<b>7</b>
<b>1. Kenningarammi</b> .....	<b>9</b>
1.1. Raunhyggja .....	10
1.2. Heimsborgarahyggja .....	13
<b>2. Breytt eðli átaka, alþjóðastofnanir og mannréttindi eftir Kalda stríðið</b> .....	<b>18</b>
2.1. Íhlutanir af mannúðarástæðum á vegum alþjóðastofnanna eftir Kalda stríðið.....	18
2.2. Þróun mannréttinda eftir Kalda stríðið .....	21
<b>3. Mannöryggi</b> .....	<b>24</b>
<b>4. Verndarábyrgð</b> .....	<b>29</b>
<b>5. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna</b> .....	<b>33</b>
<b>6. Niðurstaða</b> .....	<b>35</b>
<b>7. Lokaorð: Batnandi „ríkjum“ er best að lifa</b> .....	<b>40</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>43</b>

## Inngangur

Margt breyttist í heiminum við lok Kalda stríðsins. Kaflaskil urðu í alþjóðasamskiptum og sú heimsmynd sem hafði verið ráðandi frá lokum seinni heimsstyrjaldar leið undir lok. Áhrif og afleiðingar þess voru misjafnlega áhrifaríkar og útbreiddar. Eitt af því sem breyttist mikið var eðli átaka. Fyrir lok Kalda stríðsins voru stríð oftast háð á milli ríkja en átök innan ríkja hafa aukist eftir að því lauk. Afleiðingar þess eru meðal annars þær að óbreyttum borgurum stendur meiri ógn af innanlandsátökum og eru þeir þar af leiðandi orðnir að helstu fórnarlömbunum. Í kjölfar átaka milli ríkja sem og innan þeirra hafa alþjóðastofnanir á borð við Sameinuðu þjóðirnar brugðist við með íhlutun af mannúðarástæðum. Í öðrum kafla stofnsáttmálans er tekið fram að Sameinuðu þjóðunum er ekki heimilt að skipta sér af málum sem heyra undir lögsögu annarra fullvalda ríkja nema um friðrof, hættuástand eða árás sé að ræða. Hefðbundin skilgreining á íhlutun felur í sér afskipti annars ríkis eða stofnunar af átökum milli landa eða innan þeirra á þeirri forsendu að yfirvöld biðji um og samþykki íhlutunina.

Upprunalega var hlutverk Sameinuðu þjóðanna að viðhalda friði og jafnvægi í heiminum og gæta að sameiginlegu öryggi ríkja. Hefðbundið og sameiginlegt öryggi var ástæða þess að Þjóðabandalagið (e. League of Nations), forveri Sameinuðu þjóðanna, var stofnað eftir fyrri heimsstyrjöld. Sama áhersla var hjá Sameinuð þjóðunum þegar stofnunin hóf störf eftir að Þjóðabandalaginu mistókst ætlunarverk sitt þegar seinni heimsstyrjöldin braust út í Evrópu árið 1939. Öryggi ríkja hafa verið mjög áberandi í alþjóðakerfinu í margar aldir. Með tímanum hafa áherslurnar færst frá ríkjaöryggi í átt til mannöryggis (e. human security). Alþjóðasamfélagið viðurkennir sameiginlegt og jafnframt mikilvægt hlutverk sitt í að viðhalda og gæta að verndarábyrgðinni gagnvart fólki. Eftir að hugtakið verndarábyrgð (e. responsibility to protect) kom til sögunnar hafa æ fleiri ríki tekið það upp. Mörg ríki hafa það að leiðarljósi til að bæta hag eigin borgara og á sama tíma hag þegna annarra ríkja. Verndarábyrgðin felur í sér sameiginlega ábyrgð alþjóðasamfélagsins á því að vernda einstaklinga gegn ógnum á borð við þjóðernishreinsanir, fjöldamorð, stríðsglæpi, o.fl. Einnig felur hugtakið í sér að gæta verði að fullveldi ríkja ef til átaka kemur. Hugtakið verndarábyrgð samþættir fullveldi ríkja og skyldu ríkja til að vernda einstaklinga.

Við gerð ritgerðarinnar, sem er heimildaritgerð, var stuðst við fræðibækur og ritrýndar greinar fræðimanna. Markmið ritgerðarinnar er að skoða þróun hugtakanna mannöryggi og

verndarábyrgð. Hugtökin verða skoðuð í skýringaljósi raunhyggju (e. realism) og heimsborgarahyggju (e. cosmopolitanism). Þróun, tilurð og áhrif þeirra á íhlutanir Sameinuðu þjóðanna af mannúðarástæðum eftir Kalda stríðið verða einnig skoðuð. Til að ná markmiði ritgerðarinnar verður hugmyndin um fullveldi ríkja skoðuð í alþjóðakerfinu og íhlutanir og valdheimild til íhlutana Sameinuðu þjóðanna verða skoðaðar í sögulegu samhengi í tengslum við þróun hugtakanna. Breyting átaka eftir Kalda stríðið verður einnig rakin. Hugtökin verða útskýrð ítarlega og verður ljósi varpað á hugmyndina að baki þeim sem og þróun hugtakanna innan alþjóðakerfisins. Horft verður til þessara atriða og þau útskýrð með augum þeirra sem aðhyllast raunhyggju annars vegar og svo þeirra sem leita í viskubrunn heimsborgarahyggjunnar.

Spurningar um siðferði í anda heimsborgarahyggjunnar vakna þegar ákveðið er að grípa til aðgerða og má segja að hugsjónin að baki verndarábyrgðinni er ef til vill meiri en aðgerðir henni tengdar, þ.e.a.s. viljinn til áhrifa er meiri en svigrúm til aðgerða. Alþjóðastofnanir á borð við Sameinuðu þjóðirnar eiga við ramman reip að draga þegar kemur að aðgerðum tengdum íhlutunum af mannúðarástæðum. Hendur stofnunarinnar eru bundnar ákvörðunum aðildarríkjanna, sem byggja þær á hagsmunum sínum. En hagsmunir ríkjanna eru ekki endilega hagsmunir allra og geta ríkjahagsmunir staðið í vegi fyrir því að gripið verði til aðgerða í því skyni að bjarga mannlífum. Samþykki Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna þarf til að íhlutanir af mannúðarástæðum séu framkvæmdar en það getur dregið dilk á eftir sér. Til dæmis þarf Öryggisráðið að lúta neitunarvaldi fastaríkjanna fimm sem þar eiga sæti; Rússlands, Kína, Bandaríkjanna, Bretlands og Frakklands. Hagsmunir ríkja eru vissulega ekki alltaf hagsmunir allra ríkja og enn síður er öryggi eins ríkis sameiginlegt öryggi annars ríkis. Á síðari hluta seinustu aldar tók sýn alþjóðakerfisins á öryggi þó breytingum og er öryggi einstaklinga fyrst nú orðið áberandi í orðræðu alþjóðasamskipta. Aðkoma ríkja og alþjóðastofnana að íhlutunum af mannúðarástæðum er að skilgreinast í ríkara mæli á siðferðislegum grundvelli, eftir tilkomu heimsborgarahyggjunnar inn í alþjóðasamskipti.



## 1. Kenningarammi

Fræðimenn nota kenningar alþjóðastjórn mála til að varpa ljósi á og útskýra hegðun ríkja í alþjóðasamskiptum. Hér á eftir verður sjónum beint að tveimur kenningum innan alþjóðastjórn mála; raunhyggju (e. realism) og heimsborgarahyggju (e. cosmopolitanism). Kenningarnar tvær eru mjög ólíkar og skýra hlutverk ríkja og aðgerðir þeirra innan alþjóðakerfisins frá ólíkum sjónarhornum. Raunhyggja hefur verið ráðandi kenning innan alþjóðasamskipta frá þeim tíma er hún varð til, á millistríðsárunum. Hún eflidist eftir því sem leið á 20. öldina og átti skýringargildi hennar upp á pallborðið í kjölfar síðari heimsstyrjaldar, á tímum Kalda stríðsins og einnig eftir lok þess. Raunhyggjan er sú kenning sem hvað best hefur tekist að varpa ljósi á hegðun ríkja og þátttöku þeirra innan alþjóðakerfisins og hefur hún hlotið mikið fylgi meðal fræðimanna alþjóðastjórn mála. Raunhyggjan hentaði vel til útskýringar á samskiptum ríkja fram til loka Kalda stríðsins en eftir þann tíma hafa aðstæður tekið nýja stefnu í kjölfar aukinnar hnattvæðingar, breyttra forsenda alþjóðakerfisins og myndunar nýrra valdablokka innan þess. Kenningar raunhyggjunnar fjalla um ríki sem aðalgerandann í alþjóðakerfinu en kraftur alþjóðastofnanna hefur farið vaxandi á 21. öldinni og með sterkari stöðu þeirra hefur athyglin beinst í auknum mæli að fórnarlömbum en ekki aðeins gerendum innan alþjóðakerfisins.<sup>1</sup> Þar kemur heimsborgarahyggjan sterk inn í myndina og beinir kastljósinu að málefnum sem raunhyggjan hefur hingað til haldið fram að séu óviðeigandi, skipti minna máli og tilheyri ekki utanríkisstefnum ríkja eða þátttöku þeirra á alþjóðasviðinu.

Heimsborgarahyggjan er ný kenning innan alþjóðasamskipta þótt rætur hennar liggi djúpt í sögu stjórn mála og stjórn málaheimspeki. Allt frá tímum grísku heimspekinganna hafa fræðimenn velt fyrir sér siðferðislegri aðkomu gerenda í stjórn málum.<sup>2</sup> Þar sem ríki eru helstu gerendurnir í alþjóðastjórn málum er mikilvægt að velta fyrir sér hlutverki siðferðis þegar kemur að afstöðu og þátttöku ríkja í utanríkismálum. Þótt heimsborgarahyggjan sé ný innan þessara fræða þá hefur hún unnið á vegna ýmissa siðferðislegra spurninga sem vaknað hafa í kjölfar misheppnaðra aðgerða á vegum Sameinuðu þjóðanna til að afstýra grófum og alvarlegum mannréttindabrotum eftir lok Kalda stríðsins. Kenningin fangar nauðsyn þess að sýn alþjóðakerfisins beinist ekki einvörðungu að ríkjum sem brjóta á viðurkenndum

---

<sup>1</sup> Jeffrey Haynes, Peter Hough, Shahin Malik og Lloyd Pettiford, *World Politics*, (Essex: 2011), 116-117 og 119.

<sup>2</sup> Chris Brown, *International Relations Theory: New Normative Approaches*, (New York: 1992), 23.

mannréttindum heldur einnig á þá einstaklinga sem fyrir því verða og nauðsyn þess að koma í veg fyrir þau brot. Siðferði er í brennidepli kenningarinnar og leggur hún áherslu á almenna aukna vitund um einstaklinga, innan sem utan landamæra. Mikilvægi öryggi einstaklinga er teflt gegnt mikilvægi fullveldis ríkja. Leitast er við að setja fram þá hugmynd að allir einstaklingar í heiminum njóti lagalegra réttinda og hafi lagalegum skyldum að gegna gagnvart öðrum, nær sem fjær.<sup>3</sup>

Kenningarnar verða útskýrðar enn frekar í komandi kafla og litið til þess hvað það er sem þær greinir á um og einnig verða helstu áherslumál þeirra útfærð.

### 1.1. Raunhyggja

Hans J. Morgenthau var einn af helstu kennismíðum raunhyggjunnar eftir síðari heimsstyrjöld. Hann skilgreindi raunhyggju innan alþjóðasamskipta sem svo að ríki vinni að því að hámarka eigin hagsmuni og þeir skilgreinast sem vald. Þessa einföldu formúlu notaði hann með ólíkum breytum en sagði lykilatriðið og lykilgerandann vera ríkið. Aðrir gerendur geta komið inn í spilið, til dæmis þrýstihópar, frjáls félagasamtök, alþjóðastofnanir og jafnvel einstaklingar en ríkið mun alltaf vera lykilbreytan. Ríkið dregur mörkin um hvað hægt er að gera og hvað skuli gert. Ríki hafa hagsmuni og mótast hegðun þeirra í alþjóðakerfinu á grundvelli þessara hagsmuna. Ríki hegða sér í samræmi við hagsmuni sína en ekki vegna óljóss ávinnings á borð við sameiginlegt öryggi eða þörfina til að hegða sér á óeigingjarnan hátt. Ríki fórna aldrei sjálfum sér eða hagsmunum sínum. Líkur eru á að ríki taki þátt í að tryggja sameiginlegt öryggi sitt og annarra ríkja ef það samræmist hagsmunum þeirra, annars ekki. Þjóðarhagsmunir felast í því að komast yfir bjargir sem bæta stöðu ríkisins innan alþjóðakerfisins og halda völdum til að uppfylla önnur markmið sem þjóna hagsmunum ríkisins.<sup>4</sup>

Raunhyggjan byggir á nokkrum mikilvægum punktum þegar leitast er við að skýra alþjóðakerfið og/eða alþjóðasamskipti. Uppbygging alþjóðkerfisins er þar stór þáttur. Hefðbundin raunhyggja byggir á fjarveru miðstýrðs stjórnvalds í alþjóðakerfinu og telur að sú fjarvera skapi kerfislægt stjórnleysi sem aftur skapar öryggisklípu (e. security dilemma).

---

<sup>3</sup> Thomas Pogge, *World Poverty and Human Rights: Cosmopolitan Responsibilities and Reforms*, (Cambridge: 2002), 169.

<sup>4</sup> Chris Brown, *Understanding International Relations*, 2. útg., (Great Britain: 2001), 32-33.

Inntak öryggisklípunnar er á þá leið að ríki leitast alltaf við að hámarka eigin völd og öryggi, þess vegna verða til átök, til dæmis með auknu vopnabrólti vegna öryggisvæðingar. Einnig getur komið til sögunnar fjandsamleg og ógnandi utanríkisstefna sem ögrar andstæðu ríki. Samvinna á milli ríkjanna í slíku kerfi er ekki raunhæfur valmöguleiki nema ríkin telji sig geta hagnast á samvinnu. Það er ekki gengið að öryggi sem vísu og ríkin búa við skugga stjórnleysis. Með leit sinni að öryggi verða núverandi og mögulegir andstæðingar ríkja óöruggir, tortryggir og varnarlausir sem leiðir til vopnakaþflaups og fjandsamlegra samskipta ríkja. Spurningin um getu (e. capability) skiptir hér miklu máli, því ríki sem ekki geta tryggt sig halda ekki velli, m.ö.o. þá segir vald ríkja til um getu þeirra. Fræðimenn raunhyggjunnar sjá átök milli ríkja sem náttúrulegt mál, þeir álíta þau sjálfsögð.<sup>5</sup>

Litið er á ríki sem einn heildrænan geranda en ekki sem samansafn margra eininga t.d. fólks, fyrirtækja, stofnana, o.s.frv. Þessi staki gerandi sem ríkið er, sýnir svörun og viðbrögð við utanaðkomandi stjórn málaöflum frekar en innanríkisöflum. Áherslan er lögð á að maðurinn sjálfur sé sjálfhverfur og eigingjarn og því séu ríki þannig líka því þeim er stjórnað af einstaklingum. Þessir eiginleikar séu í eðli *homo politicus*. En gagnrýnendur spyrja þá að því hvað útskýri frið og samvinnu milli ríkja ef mannlegt eðli sé ástæða og útskýring á stríði og átökum. Til að forðast umræðuna um mannlegt eðli einblína margir fræðimenn raunhyggjunnar á uppbyggingu alþjóðkerfisins til útskýringar á hegðun ríkja. Fullvalda ríki eru talin hegða sér raunsætt til að tryggja afkomu, völd, öryggi og hlutfallslega yfirburði sína.<sup>6</sup> Fullveldi er mikilvægt fyrir ríki því það leggur lagalegan grunn að mörgum aðgerðum ríkja í alþjóðakerfinu og er lagalegt skjól þegar grípa þarf til hagsmunagæslu. Almennt er talið að hugtakið fullveldi hafi fyrst komið fram í Vestfalíusamningunum árið 1648 sem mörkuðu endalok 30 ára stríðsins í Evrópu. Í samningunum sem gerðir voru milli leiðtoga evrópskra ríkja, var komist að niðurstöðu og viðurkenningu á því fyrirkomulagi sem lagði grunninn að nútíma heimsskipaninni. Með fullveldi öðluðust ríki réttinn til yfirráða innan eigin landamæra án afskipta utanaðkomandi ríkis eða ríkja. Ekkert annað yfirvald væri til staðar í alþjóðakerfinu sem ríkin þurftu að lúta.<sup>7</sup>

<sup>5</sup> Ole R. Holsti, „Theories of International Relations“, *Explaining the History of American Foreign Relations*, ritstj: Michael J. Hogan og Thomas G. Paterson, (Cambridge: 2004), 52-55.

<sup>6</sup> Holsti, „Theories of International Relations“, *Explaining the History of American Foreign Relations*, 56.

<sup>7</sup> Anthony McGrew, „Globalization and global politics“, *The Globalization of World Politics: An Introduction to International Relations*, ritstj: John Baylis, Steve Smith og Patricia Owens, 5. útg. (Oxford: 2011), 23.

Þjóðarhagsmunir (fr. *raison d'état*) eru undirstaða hegðunar ríkja á alþjóðavettvangi samkvæmt raunhyggjunni. Fræðimaðurinn Friedrich Meinecke sagði þá vera æðsta lögmál ríkja og með því að setja ríkjahagsmuni í forgang hverju sinni geta yfirvöld viðhaldið styrk ríkisins.<sup>8</sup> Ríki eiga að sækjast eftir valdi og leiðtogar ríkjanna eiga að varðveita þau í óvinveittu og ógnandi umhverfi. Það sé eina leiðin fyrir ríki að halda velli. Sjálfsbjargarviðleitni ríkja er mikil því afkoma þeirra getur aldrei verið örugg. Sjálfshjálp er lykilatríði því ríki getur ekki treyst neinu öðru ríki. Þessi þrjú atriði byggja grunn raunhyggjunnar, þ.e.; ríkishyggja, afkoma og svo sjálfshjálp. Hugtakið ríkishyggja (e. statism) segir til um að ríkið hafi lögmætt vald yfir eigin yfirráðasvæði og þegnum sínum. En utan landamæra ríkisins ríkir stjórnleysið. Samhliða viðvarandi stjórnleysi er ekki hægt að tryggja afkomu eða tilurð ríkisins (e. survival) og því sé mikilvægt að hafa völd. Þau eru eina leiðin til að afla þess sem upp á vantar með ógn, hótun eða valdanotkun. Ekki er treystandi á önnur ríki eða stofnanir innan alþjóðakerfisins til að tryggja rétt og afkomu ríkja (e. self-help). Ríki standa og falla með sjálfum sér og leitast því við að auka völd sín í gegnum vopn og her. Vald eins ríkis er takmarkað af mótvægi valds annarra ríkja. Það leiðir til valdajafnvægis (e. balance of power) sem er nauðsynlegt til að viðhalda lýðræði ríkja. Þetta gæti reynst erfiðara fyrir smærri ríki sem er ógnað af sterkari ríkjum.<sup>9</sup>

Friðsamlegur endir Kalda stríðsins kom mörgum raunhyggjumönnum á óvart. Þeir sáu hann ekki fyrir og þar af leiðandi fékk stefnan á sig töluverða gagnrýni. Þessi gagnrýni hefur styrkst því raunhyggja er ekki talin jafn viðeigandi í alþjóðavæðingu nútímans og hún var á tímum Kalda stríðsins. Þó að erfitt hafi verið fyrir fræðin að skýra virkni, uppbyggingu og starfsemi innanríkiskerfa þá hefur það reynst enn erfiðara að skýra nýja þróun, svo sem svæðisbundna sameiningu, íhlutanir á grundvelli mannúðarástæðna, starfsemi öryggisráðins eftir Kalda stríðið og annað eins sem byggir á samvinnu ríkja. Raunhyggjan er samt sem áður sú kenning innan alþjóðasamskipta og alþjóðastjórn mála sem hlotið hefur mest fylgi fræðimanna.<sup>10</sup>

Stjórn málafræðingurinn Robert Gilpin segir að kjarni félagslegs raunveruleika sé hópur manna og að sá hópur sé undirstaða pólitíks lífs. Við þetta má bæta að hann telur

---

<sup>8</sup> Tim Dunne og Brian C. Schmidt, „Realism“, *The Globalization of World Politics: An Introduction to International Relations*, ritstj: John Baylis, Steve Smith og Patricia Owens, 5. útg. (Oxford: 2011), 86.

<sup>9</sup> Holsti, „Theories of International Relations“, *Explaining the History of American Foreign Relations*, 55-56.

<sup>10</sup> Holsti, „Theories of International Relations“, *Explaining the History of American Foreign Relations*, 59.

raunhyggjuna einnig ganga út frá því að alþjóðasamskipti séu í meginatriðum átakasöm. Leit ríkja eftir öryggi og völdum er tilkomin vegna mannlegra hvata.<sup>11</sup> Einstaklingurinn afsalar sér einstaklingsréttindunum yfir til ríkisins svo það geti hámarkað og viðhaldið öryggi sínu. Hobbes hélt þessu fram og sagði manninn skipta á eigin frelsi í staðinn fyrir öryggi.<sup>12</sup> Þörfin fyrir siðferði og beitingu þess er ekki hátt skrifuð hjá raunhyggjumönnum og telja þeir það ekki eiga heima á vettvangi alþjóðasamskipta þar sem þörfin fyrir vald er ríkjandi, sú þörf skeytir ekkert um siðferði. Hefur þessi sýn raunhyggjunnar verið mjög gagnrýnd meðal fræðimanna alþjóðasamskipta undanfarin ár.<sup>13</sup> Einmitt með þeim orðum er vert að huga að heimsborgarahyggjunni og aðkomu hennar í alþjóðasamskipti.

## 1.2. Heimsborgarahyggja

Heimsborgarahyggjan byggir að miklu leyti á siðferði og segir að siðferði sé nauðsynlegur þáttur alþjóðastjórn mála. Áherslur stefnunnar eru þær að hagsmunir einstaklingsins séu í brennidepli og hið mannlega eigi að liggja til grundvallar ákvörðunum ríkja. Heimsborgarahyggjan sækir að hluta til innblástur sinn til heimspekingsins Immanuel Kant, sem ritaði um eilífan frið eða *Perpetual peace*<sup>14</sup> fyrir margt löngu síðan. Verkið ritaði hann árið 1795 og segir þar að fólk eigi að tileinka sér þá hugsun að láta tilganginn ekki helga meðalið. Heldur eigi fólk að einbeita sér að lokatakmarkinu. Segir í riti hans meðal annars: „Komdu aldrei fram við manneskju, sjálfa þig eða aðra, einungis sem tæki eða leið að markmiðinu heldur sem markmiðið sjálft.“<sup>15</sup> Með þessu á hann við að vilji manna lúti reglum sem maðurinn setur sér sjálfur eða með öðrum orðum sjálfstjórn sem felur í sér siðalögmál. Ef menn fara eftir þessu siðalögmáli geta þeir ákveðið hvaða hegðun og aðgerð sé siðferðislega rétt eða röng ef því er að skipta. Að verja mennskuna er mikilvægast.<sup>16</sup> Í orðum hans kristallast forn fræði sem margir ættu að kannast við í gegnum hin ýmsu

---

<sup>11</sup> Brown, *International Relations Theory: New Normative Approach*, 26.

<sup>12</sup> Dunne og Brian C. Schmidt, „Realism“, *The Globalization of World Politics: An introduction to International Relations*, 93.

<sup>13</sup> Brown, *International Relations Theory: New Normative Approach*, 25.

<sup>14</sup> Verk Immanuel Kant nefnist á ensku: *Perpetual Peace: A Philosophical Sketch* og kom fyrst út árið 1795.

<sup>15</sup> Textinn á ensku: „Act in such a way that you always treat humanity, whether in your own person or in the person of any other, never simply as a means, but always at the same time as an end.“ Tekin úr bók Chris Brown, *International Relations Theory: New Normative Approach*, (New York: 1992), 30.

<sup>16</sup> Brown, *International Relations Theory: New Normative Approach*, 30.

trúarbrögð, nefnilega náungakærleika eða góðvild gagnvart samborgurum sínum og samferðamönnum á jörðinni.

Með einstaklingsréttinum kemur frelsi til margs konar athafna en einnig er mikilvægt að öðrum sé sýnd virðing. Í nafni frelsisins má ekki skerða rétt annarra eða ógna hagsmunum þeirra til þess eins að ná eigingjörnum markmiðum. Í mannréttindahugtakinu sem notast er við í dag endurspeglast þessi skilningur Kants, orðin; frelsi, jöfnuður, réttlæti, kærleikur og virðing sem hafa hlotið aukinn hljómgrunn, þökk sé honum.<sup>17</sup> Inntak heimsborgarahyggju er einmitt það að alþjóðastjórnsmál og samskipti ríkja byggjast ekki á samfélagi ríkja heldur samfélagi einstaklinga. Einstaklingurinn er því í forgrunni. Réttlæti ætti að skilgreina út frá einstaklingum en ekki ríkjum líkt og raunhyggjan gerir því þá eru ástæður og aðstæður stríðs og friðar í brennidepli á kostnað hagsmuna einstaklinga. Mörk ríkja byggjast ekki á siðferði heldur verja þau og réttlæta ójöfnuð sem á sér stað innan þeirra, ójöfnuð sem hægt væri að segja skilið við ef réttlætinu væri dreift jafnt milli hópa. Mótrök raunhyggjunnar hljóma á þá leið að vissulega skipti mörk og landamæri ríkja máli, þau séu tengd siðferði, sérstaklega í ljósi þess að þau sameini réttindi einstaklinga sem lifa innan þeirra. Ef fullveldi ríkja og landamærum þeirra sé sýnd virðing þá sé að sama skapi einstaklingunum innan ríkjanna sýnd virðing. Einnig benda fræðimenn raunhyggjunnar á að virðing fyrir fullveldi sé besta leiðin til að viðhalda reglu og aftra útbreiðslu átaka. Heimsborgarahyggjan segir myndina vera skekktá ef notast er við þessi rök. Fleiri þættir hafa áhrif á alþjóðasamskipti og er áhersla lögð á siðferði til jafns við frið þegar stríð eða átök eiga sér stað. Stefnumál ríkja sé léttilega hægt að þróa á þann veg að grundvallarþörfum manna sé gætt og mannréttindi virt án þess að jafnvægi meðal ríkja raskist.<sup>18</sup>

Vegna þess hve ólík innanríkismál eru utanríkismálum má leiða af því líkur að erfiðlega geti reynst að innleiða hugsunina um siðferði og aðgerðir því tengdu í utanríkisstefnur ríkja. Afstaða ríkja í utanríkismálum ræður miklu um hversu langt þau eru tilbúin að ganga í þeim efnum. Líklegasta lausnin væri að hafa skilgreiningu og framkvæmd siðferðishugtaksins fastmótaða og innleiða það hægt en örugglega. Ef siðferðisvitund verður ráðandi við ákvarðanatöku ríkja þá er helsta hættan sú að hún leiði til óhæfuverka sem geta ýtt undir aðra áhættuþætti sem þá geta leitt til átaka. Samt sem áður og þrátt fyrir þessa hættu er

<sup>17</sup> Sigrún Aðalbjarnardóttir, *Virðing og umhyggja: Ákall 21. aldar*, (Reykjavík: 2007), 81 og 83.

<sup>18</sup> Joseph S. Nye Jr, *Understanding International Conflicts: An Introduction to Theory and History*, 5 útg. (New York: 1995), 26-28.

ekki hægt að sniðganga siðferði almennt í utanríkismálum. Hver og einn einstaklingur verður að veða og meta hverju sinni hvað um ræðir og taka ákvarðanir út frá siðferðisspurningum því tengdu. Viðvarandi átök milli ríkja mega ekki koma í veg fyrir ábyrga ákvarðanatöku sem grundvallast á siðferðishugsunum, ákvörðunin á að byggja á þekkingu á aðstæðum sem ákvörðunin stendur um.<sup>19</sup> Kant nefnir enn fremur að mikilvægt sé að finna grundvöll fyrir friði milli ríkja, það sé gert með því að finna á hvaða hátt ríki geta átt friðsamleg samskipti.<sup>20</sup>

Kant velti fyrir sér sambandi siðferðis og stjórn mála. Þótt siðferði leggi grunninn að stjórn málum og lögum þá megi ekki gera ráð fyrir að þau geri manninn góðan. Siðferði er því spurning um val hvers og eins einstaklings sem ekki er hægt að þröngva upp á hann. Almennar lagareglur um framferði og hegðun væru ekki til staðar ef allir væru góðir upp til hópa. Út frá þessu má segja að með lagasetningu séu settar fram reglur sem öllum ber að virða og hlýða en siðferði býður fram sjálfsákvörðunarrétt einstaklinga út frá vali á eigin grunnildum.<sup>21</sup>

Siðferði á alþjóðavísu segir til um skyldur samfélaga þvert á landamæri, gagnvart ókunnugum og hvort rétt sé að gera greinarmun á heimamönnum og ókunnugum. Aukin vitund um „hina“ á hnettinum kemur til vegna aukinnar hnattvæðingar. Hnattvæðing er því lykilatriði þegar kemur að frekari útbreiðslu siðferðisvitundar og viðmiða henni tengdum. Hún felur í sér frekari samskipti milli ríkja og samfélaga en á sama tíma er hægt að segja að hún geti staðið almennri siðferðisvitund fyrir þrifum. Andhverfa jákvæðrar hnattvæðingar er ef samfélög verða það opin að önnur ríki komi auga á veika bletti og notfæri sér þá til að koma höggi á viðkomandi ríki eða samfélag. Líkur eru á að þetta gerist hvort sem það er gert viljandi eður ei. Fleiri vandamál fylgja hnattvæðingunni, nefnilega hættan á að siðferðisvandamál verði stórlega ýkt og afleiðingar þeirra verði á þá leið að auka þau áhrif sem siðferðisvandinn hefur á einstaklinga og samfélög. Í þessu samhengi hefur verið bent á að meðvitund manna á þjáningum annarra eykst. Þá kemur til sögunnar annað vandamál þessu tengt. Það sem virkar helst hamlandi varðandi útbreiðslu og stöðlun siðferðis á alþjóðavísu er fyrst og fremst tengingin við fullveldi frá tímum Vestfalíusamninganna frá árinu 1648. Í fullveldisákvæði samninganna er nánast enginn áhersla á þjáningar manna í öðrum ríkjum. Þrátt fyrir alþjóðalög um mannréttindi þá er þarft að velta vöngum yfir því

---

<sup>19</sup> Nye Jr, *Understanding International Conflicts: An Introduction to Theory and History*, 28.

<sup>20</sup> Brown, *International Relations Theory: New Normative Approach*, 33.

<sup>21</sup> Brown, *International Relations Theory: New Normative Approach*, 31.

hvort hægt sé að skilgreina og ákveða meginreglur um siðferði sem allir geta samþykkt og unnið eftir, ríki til jafns við einstaklinga.<sup>22</sup> Vert er að benda á að þrátt fyrir að stofnsáttmáli og mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna drógu úr mikilvægi fullveldis þá hafa samningarnir haft mikil áhrif á þróun alþjóðastjórnmála. Uppi eru þó gagnrýnisraddir sem segja hnattvæðinguna koma til með að kollvarpa hugmyndum alþjóðakerfisins um fullveldi í framtíðinni. Bæði vegna minnkunar heimsins, aukinnar samvinnu, siðferðis og samskipta.<sup>23</sup>

Siðfræði nýtur vaxandi vinsælda nú til dags, ef til vill er það vegna aukinnar hnattvæðingar eða aukins skilnings manna á eðlisbreytingum átaka eftir Kalda stríðið. Ljóst er að aukin hnattvæðing beinir kastljósinu að umfangi og magni efnahags- og stjórnmálalegra sambanda þvert á landamæri en einnig vakna við það spurningar tengdar siðferðisskyldum manna. Erfiðara er að draga siðferðisleg mörk um hverjir eiga og mega vera undir verndarvæng samfélagsins og einmitt út frá þessum hugleiðingum hafa hugmyndir heimsborgarahyggjunnar þróast um eitt alheimssamfélag manna. Vissulega ríkir ekki eining um hvaða málefni siðferði eigi að snerta, margt getur legið að baki siðferðisvitund fólks, til dæmis hafa trú og menning mikil áhrif. En í grunninn eru það gamlar evrópskar hefðir og gildi sem hafa mótað hina almennu siðferðisvitund<sup>24</sup>, meðal annars náttúrulegumál og lögmál hins veraldlega.<sup>25</sup> Heimsborgarahyggja grundvallast út frá þeirri hugsun að allir séu verðugir siðferðislegar ígrundunar og til að byggja megi grundvöll fyrir sameiginlegu siðferði meðal ríkja og borgara heimsins þá þarf siðferði að beinast út fyrir landssteina og að sama skapi innan þeirra. Ríki eru í kjöraðstöðu til að betrubæta samskipti innan alþjóðakerfisins ef þeim sýnist svo en til að breytingar verði til batnaðar verða þau að samþykkja og innleiða aðgerðir byggðar á siðferðisviðmiðum. Ef valdi væri dreift á fleiri hendur, til að mynda meðal stofnanna, myndi valdabarátta ríkja minnka sem dregur úr hættunni á útbreiðslu átaka, stríða og fátæktar.<sup>26</sup> Hugmyndir fræðimanna heimsborgarahyggjunnar eru nýjar af nálinni innan alþjóðastjórnmála. Það eitt og sér að kenningin er til umræðu í alþjóðasamskiptum

---

<sup>22</sup> Richard Shapcott, „International Ethics“, *The Globalization of World Politics: An introduction to International Relations*, ritstj: John Baylis, Steve Smith og Patricia Owens, 5. útg, (Oxford: 2011), 199-200.

<sup>23</sup> McGrew, „Globalization and global Politics“, *The Globalization of World Politics: An introduction to International Relations*, 25.

<sup>24</sup> Þegar talað er um almenna siðferðisvitund þá er hér átt við þann skilning sem vestræn ríki hafa lagt í orðið. Skilningur annarra menningaheima, sem ef til vill líta siðferði öðrum augum, verður ekki útskýrður eða útlistað nánar hér.

<sup>25</sup> Shapcott, „International Ethics“, *The Globalization of World Politics: An introduction to International Relations*, 198.

<sup>26</sup> Pogge, *World Poverty and Human Rights*, 169.



sýnir þróunina og breytingarnar sem eiga sér stað innan alþjóðakerfisins. Lok Kalda stríðsins hafði mikil áhrif á þróun og tilurð kenningarinnar innan alþjóðastjórn mála. Í næsta kafla verður vikið að sögulegu samhengi þessara breytinga sem áttu sér stað í kjölfar loka Kalda stríðsins.

## 2. Breytt eðli átaka, alþjóðastofnanir og mannréttindi eftir Kalda stríðið

### 2.1. Íhlutanir af mannúðarástæðum á vegum alþjóðastofnanna eftir Kalda stríðið

Í gegnum tíðina hafa margir fræðimenn leitað lausna til að lægja öldur átaka og ófriðar milli ríkja. Ef til vill er hægt að halda því fram að frá því á 18. öld hafi verið til fræðimenn sem gagnert unnu að því að leita leiða til að koma í veg fyrir ósætti milli ríkja sem braust út í stríði eða annars konar átökum, sem ávallt bitnuðu verst á óbreyttum borgurum. Einn þessara fræðimanna var fyrrgreindur Immanuel Kant en í ritinu um eilífan frið greinir hann frá skuldbindingum alþjóðakerfisins og ríkja gagnvart mannréttindum sem hann kom frá sér á nýstárlegan og hugmyndafræðilegan hátt. Lýðræði sé grundvöllur þess að ríki haldi friðinn en einnig nefnir hann að aukið víxlhæði þvert á ríki auki líkurnar á friði. Fjarvera þessara þátta eða skortur á þeim valda því að ólýðræðisvædd ríki eru líklegri til að vera á tánum gagnvart hegðun annarra ríkja. Af því leiðir að ætla má að samvinna ríkja í gegnum alþjóðlegar stofnanir geti stuðlað að enn betra öryggi í alþjóðakerfinu. Með því að skapa ramma fyrir sameiginlegum friðargrundvelli milli ríkja er komið í veg fyrir samkeppni og óöryggi ríkja á milli. Þetta viðhorf er andstætt því sem raunhyggjumenn halda fram. Túlkun þeirra á alþjóðlegum stofnunum er sú að þær geta ekki komið í veg fyrir útbreiðslu stríðs eða átaka og að stofnanir séu fulltrúar ríkja sem öll vinna að því að hámarka eigin hag. Alþjóðlegar stofnanir eru því tæki ríkja í viðleitni þeirra í þá átt að ná betri og bættum ríkjahagsmunum. Það eru meðal annars þessi hagsmunabarátta sem mótar hegðun ríkja innan alþjóðlegra stofnana og ákvarðar hvort af samvinnu eða samkeppni verði.<sup>27</sup> Samkvæmt raunhyggjunni er það hagsmunagæsla ríkjanna sem lætur þau ávallt leitast við að skara eld að eigin köku.

Eftir Vestfalíusamningana árið 1648 var stríð milli fullvalda ríkja innan Evrópu réttlætt á þann háttinn að ríkin voru orðin jafningar. Í kjölfarið var talað um réttlátt stríð (e. just war) þar sem ekki var farið í stríð við ríki sem voru minnimáttar. Kant var friðarsinni og hélt því fram að ástæður stríðsrekstursins fordæmdu í sjálfu sér stríð. Sagði hann að ríki sem ekki

---

<sup>27</sup> John Baylis, „International and Global Security“, *The Globalization of World Politics: An Introduction to International Relations*, ritstj: John Baylis, Steve Smith og Patricia Owens, 5.útg, (Oxford: 2011), 237-8.

væru tilbúin að yfirgefa baráttuvöll alþjóðasamskipta í skiptum fyrir friðsamlega heimsskipan í anda heimsborgarahyggju væri hvorki réttlátur né verðugur andstæðingur.<sup>28</sup>

Stríð er helsta birtingarmynd fullveldis, það hefur myndað grunnstoðir flestra fullvalda ríkja og laga þeirra. Þrátt fyrir tilraunir þess efnis að koma í veg fyrir tengingu stríðs við lög er ekki hægt að líta framhjá því að stríð er í raun forsenda þess að alþjóðalög eru til. Nauðsynlegt hefur þótt að sýna fram á hvernig ríki, sem eru fyrst og fremst að gæta eigin hagsmuna, grípa til aðgerða til að fylgja eftir alþjóðalögum þegar það hentar. Það er ekki alltaf svo að ríki framfylgi alþjóðalögum með aðgerðum nema það sé ríkinu í hag. Samhliða nútímastríðum, eftir lok Kalda stríðsins, voru uppi óskir um að alþjóðalög yrðu hafin yfir fullveldi ríkja. Ekki þyrfti að taka tillit til fullveldisákvæða ríkja sem virðast stöðva framgang alþjóðalaga þegar til kastanna hefur komið. Þannig gæti barátta í anda manngæskunnar orðið að lögmætum friði í stað stríða sem rekin hafa verið með hefðbundnu sniði hingað til. Stofnsáttmáli Sameinuðu þjóðanna byggir að miklu leyti á þessari hugsun, að gera greinarmun á réttlátum og óréttlátum stríðum eða þar sem ríki eru annað hvort að verjast eða eiga sök á upptökum átaka.<sup>29</sup> Jafnframt er tekið fram í stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna að ríkjum er ekki heimilt að beita valdi og hafa afskipti af málum annars ríkis nema í sjálfsvörn og það með samþykki öryggisráðsins.<sup>30</sup>

Önnur fræði en raunhyggjan, t.d. heimsborgarahyggjan segja sjálfshjálpar vinkilinn vera takmarkaðan innan raunhyggjunnar því margt getur komið til sögunnar annað en vald og ógnun til að ríki komist af. Til dæmis mætti nefna aukna samvinnu og aukin viðskipti, aukið upplýsingaflæði í kjölfar hnattvæðingar, aukið traust milli ríkja fyrir samvinnu og svo sameiginlega hagsmuni. Fjöldi gerenda í alþjóðasamfélagin hefur aukist gríðarlega á 20. og 21. öldinni. Aðilar sem ekki eru á mála hjá ríkjum (e. non-state actors/NSA) hefur farið mjög fjölgandi og gætir áhrifa þeirra langt út fyrir þeirra eigin landamæri. Mikilvægi þeirra sem gerenda er einnig að aukast þó að ríkin muni líklegast koma til með að vera áfram helstu gerendurnir í alþjóðakerfinu. Einnig eru alþjóðastofnanir (e. international organisations), þverþjóðlegar stofnanir (e. transnational organisations), frjáls félagasamtök (e. non Governmental organisations/NGOs) og fjölþjóðlegar stofnanir (e. multinational

---

<sup>28</sup> Costas Douzinas, „Postmodern Just Wars and the New World Order“, *Journal of Human Rights*, (Jul-Sep: 2006), árg. 5, tbl. 3, 357.

<sup>29</sup> Douzinas, „Postmodern Just Wars and the New World Order“, 359.

<sup>30</sup> *Stofnsáttmáli*, tekið af vef Upplýsingaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna fyrir Vestur-Evrópu: <http://www.unric.org/is/upplysingar-um-st/13> (sótt 2. Apríl 2012).

organisations) gerendur alþjóðakerfisins. Áhrif NSA geta verið stigvaxandi og í raun geta þau farið eins og alda þvert á landamæri. Heimborgarahyggjan býður upp á fjölbreyttari gátlista þegar kemur að alþjóðasamskiptum þótt hún notist við raunhyggjuhugtök, eins og sjálfshjálp, raunhyggju eða skynsemi o.fl. Hún veltir fyrir sér ólíkum breytum og tekur með inn í myndina verslun, heilsu, gjaldmiðil, umhverfið, samvinnu og fólksflutninga svo eitthvað sé nefnt. Alltaf er til möguleikinn á framförum og friðsamlegum samskiptum milli ríkja ef þau eru tilbúin að tileinka sér þessa þætti. Allt eru þetta atriði sem ekki hafa tilheyrt hefðbundnum öryggismálum ríkja þar til nú. Ríkið er samt sem áður miðdepill þeirra sem leitast við að útskýra hvernig gerendur í alþjóðakerfinu ná markmiðum sínum og minnka áhættu og óvissu. Mörk ríkja eru sögð dofna vegna fjölgunar fjölþjóðlegra fyrirtækja en á sama tíma er vaxandi þjóðernishyggja að skjóta rótum. Þessar andstæður eru helstu rök þeirra sem trúa á stofnanahyggju og alþjóðasamfélagið og gagnrýna raunhyggjuna.<sup>31</sup>

Önnur atriði sem ekki voru hluti af hefðbundnum öryggismálum voru íhlutanir af mannúðarástæðum. Við lok Kalda stríðsins urðu viðamiklar breytingar í alþjóðakerfinu. Hvað varðar íhlutun þá varð mikil breyting á þeirri formgerð sem mótaði umgjörð og eðli íhlutana af mannúðarástæðum. Útlínur hugtaksins tóku stakkaskiptum, það slaknaði á umgjörðinni og umbætur voru gerðar. Hefðbundin skilgreining á hugtakinu íhlutun af mannúðarástæðum felur í sér afskipti ríkja eða alþjóðastofnanna af innanlandsmálum ríkis, þegar ríkið er ekki fært um eða vill ekki verja þegna sína fyrir grófum mannréttindabrotum. Ekki er einu ríki heimilt að hlutast til um málefni annars ríkis heldur skal það gert í samstarfi við önnur ríki og alþjóðastofnanir. Meirihluti lögfræðinga telst hlyntur þeirri túlkun á stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna að ríki eigi ekki að beita íhlutunum nema í sjálfsvörn. Hins vega telur minnihluti lögfræðinga að inntak stofnsáttmálans segi til um mikilvægi íhlutana af mannúðarástæðum því mannréttindi séu eitt af meginstoðum sáttmálans ásamt öryggi og friði. Venjan var að íhlutunum var beitt í lágmarki í alþjóðakerfinu á meðan á Kalda stríðinu stóð.<sup>32</sup> Helst voru það tveir þættir sem tengjast þeirri þróun sem varð eftir Kalda stríðið og geta útskýrt þær breytingar sem urðu á möguleikanum á bættri og betri íhlutunum. Þessir þættir hafa einnig lagt betri grunn að alþjóðlegu samkomulagi um lagalegan grundvöll íhlutana. Fyrst ber að nefna að verulega

<sup>31</sup> Holsti, „Theories of International Relations“, *Explaining the History of American Foreign Relations*, 56-58.

<sup>32</sup> Nicholas J. Wheeler, „Humanitarian Vigilantes or Legal Entrepreneurs: Enforcing Human Rights in International Society“, *Human Rights and Global Diversity*, ritstj. Simon Caney og Peter Jones, (Essex: 2001), 142-144.

dró úr ógn og valdi stórveldanna, sem hingað til höfðu lágmarkað möguleikann á íhlutunum á tímum Kalda stríðsins vegna ótta við að afskipti af málum ríkja annars staðar á hnettinum myndi ógna því jafnvægi sem var til staðar. Til að mynda hefði sameiginleg íhlutun á vegum alþjóðastofnunnar á borð við NATO ekki verið möguleg í framkvæmd á Balkanskaganum á seinasta áratug 20. aldar á tímum Kalda stríðsins. Einnig var ekki talin hætta á að mikil röskun valdahlutfalla eða auknir hagsmunaárekstrar milli stórveldanna myndu fylgja íhlutun alþjóðasamfélagsins í Sómalíu árin 1993-94, líkt og hafði gerst áður með afskiptum mála á austurhorni Afríku á áttunda áratug 20. aldar. Þrátt fyrir þetta eru atriði sem að þessu snúa sem erfitt er að breyta og bæta. Ber þar helst að nefna siðferðisleg sjónarmið sem og stjórnmálaleg. Í ljósi þessa hafa sum lönd verið tregari en önnur í innleiðingu þessara breytinga og hafa Rússland, Indland og Kína verið þar áberandi. Svæðisbundin átök, á borð við þau sem eiga sér stað í Tjéténíu, Kashmír og Tíbet snerta þessi ríki beint og getur það komið í veg fyrir samþykki þeirra á alþjóðlegri íhlutun.<sup>33</sup>

## 2.2. Þróun mannréttinda eftir Kalda stríðið

Síðari þátturinn sem snertir breytingar innan alþjóðakerfisins í kjölfar loka Kalda stríðsins er sá að verulega dró úr hugmyndafræðilegri spennu milli stórveldanna. Umræðan um lýðræði og frjálslyndi er meira áberandi nú en áður og má segja að minni ágreiningur sé uppi um skilgreiningu orðsins lýðræði. Aðgerðir alþjóðlegra stofnana urðu í kjölfar loka Kalda stríðsins viðurkenndari innan alþjóðasamfélagsins og hlutu þær meiri náð en áður fyrir augum ríkja, sérstaklega meðal vestrænna ríkja. Kastljós alþjóðasamfélagsins fór í auknum mæli að beinast að mannréttindum og mannréttindabrotum. Þetta var einmitt reyndin með íhlutanir á vegum Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðlegra og fjölþjóðlegra stofnana sem störfuðu í anda mannúðar til að stöðva eða sporna við vopnuðum átökum. Það má segja að við lok Kalda stríðsins hafi þessi aðgerðarhluti alþjóðasamfélagsins færst frá jaðrinum í átt að miðju og að losnað hafi um spennitreyjuna sem þessi málaflokkur var komin í vegna valda-og hagsmunabaráttu stórveldanna. Þegar losnaði um hömlurnar jókst hlutfall íhlutana á vegum Sameinuðu þjóðanna tiltölulega hratt og aðildarríkin viðurkenndu þennan málaflokk sem mikilvægan. Á fimm árum, frá

---

<sup>33</sup> Roland Dannreuther, *International Security: The Contemporary Agenda*, (Cambridge: 2007), 146.

1988 til 1993, settu Sameinuðu þjóðirnar á fót tuttugu friðargæsluverkefni sem er meira en þær íhlutanir sem framkvæmdar voru á þeirra vegum árin fjörutíu á undan. Áberandi er að sjá hvað verkefnin breyttust og urðu flóknari samhliða rýmri aðgerðarheimild. Mannúðaraðstoð og framkvæmd friðargæslu, afvopnun herja og átakahópa og kosningaeftirlit eru allt hlutar þess sem fólst í dýpri og nauðsynlegri starfsemi mannúðaraðstoðar ásamt aukinni hvatningu til lýðræðisvakningar.<sup>34</sup>

Vilji stórveldanna hefur aukist þegar kemur að því að beita valdi á grunni siðferðis og mannréttinda. Í dag, á 21. öldinni, hafa áherslur færst yfir á nútímalegri ástæður, orsakir og afleiðingar stríðs og eru mannréttindi kjörorðin og aðaláherslan.<sup>35</sup>

Frá tímum síðari heimsstyrjaldarinnar hafa mannréttindi hlotið viðurkenningu innan alþjóðakerfisins. Því má meðal annars þakka fræðimönnum heimsborgarahyggjunnar sem lögðu áherslu á að virkja sameiginlegan skilning mann og ríkja á orða- og hugtakanotkun tengdum mannréttinum. Í dag notast flest ríki við lagalegar skýringar á mannréttindum og hafa margir gerendur alþjóðakerfisins sammælt um skilgreiningar orða sem allir heimsborgarar (þ.e.a.s. allir í heiminum) geta gert tilkall til. Alþjóðlegar stofnanir eru kjörinn vettvangur til að samþætta skilning og merkingu orða og hugtaka fyrir gerendur alþjóðakerfisins. Svartsýni gætir samt sem áður í garð heimsborgarahyggjunnar. Mætti nefna í þessu sambandi að ógnir sem steðja að ríkjum gera það að verkum að þau bregðast við á ófyrirsjáanlega vegu, til dæmis með pyntingum eða árásum á borgir og bæi og óbreytta borgara, en þetta stríðir gegn siðferðisvitund heimsborgarahyggjunnar. En þar sem ekki er til einn skilningur eða skilgreining á því hvað nákvæmlega siðferði sé þá er ekki hægt að skylda þjóðir til að taka upp hanskan fyrir einstaklinga sem að málum koma. Þrátt fyrir að reynt sé að stuðla að sameiginlegum skilningi á mannréttindum og siðferði þá er óraunhæft að gera kröfu um að ríki taki upp fyrirfram ákveðin siðferðisviðmið og vinni eftir þeim.<sup>36</sup> Því er haldið fram af hálfu raunhyggju að vegna stjórnleysis í alþjóðakerfinu og fullveldis ríkja þá eigi einu raunverulegu siðferðismörkin að liggja innan ríkja á grunni eiginhagsmuna og þess að komast af og halda velli (e. self-interest/survival). Sem sagt, ríki ættu ekki að hafa afskipti af öðrum ríkjum út fyrir eigin landamæri vegna siðferðilegra álitamála. Það sé tilkomið vegna þess að

---

<sup>34</sup> Dannreuther, *International Security: The Contemporary Agenda*, 147.

<sup>35</sup> Haynes, Peter Hough, Shahin Malik og Lloyd Pettiford, *World Politics*, 192-195.

<sup>36</sup> Shapcott, „International Ethics“, *The Globalization of World Politics: An introduction to International Relations*, 199.

siðferði er staðbundið hugtak og sé tengt stað, tíma og menningu hverju sinni. Einn alheimsskilningur á hvað siðferði er, sé því óraunhæfur og óæskilegur.<sup>37</sup>

Þrátt fyrir ólíkan skilning ríkja á því hvað felst í siðferði þá eru stórveldi heimsins líklegri til þátttöku í íhlutun af mannúðarástæðum á siðferðisgrundvelli en áður. Því má þakka tilkomu hugtaka á borð við mannréttindi. Afstaða alþjóðakerfisins til mannréttinda fór vaxandi eftir lok Kalda stríðsins þó að hugtakið sjálft teygi uppruna sinn aftur til loka síðari heimsstyrjaldar. Þróun mannréttinda og skilgreiningar á orðinu tóku sér bólfestu í hugum manna og alþjóðalögum eftir seinna stríð. Helst ber að nefna alþjóðalög og reglugerðir sem innleiddu samþykktir, sem höfðu mannréttindi að leiðarljósi, í kjölfar voðaverka sem unnin voru á tímum seinni heimsstyrjaldar. Mætti hér nefna; Stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna árið 1945, Nuremberg réttarhöldin árið 1945-46, Tokyo réttarhöldin árið 1946-48 og svo í alþjóða mannréttindayfirlýsinguna sem er betur þekkt sem mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna árið 1948.<sup>38</sup> Tenging mannréttinda við siðferði óx ásmegin á seinasta áratug 20. aldarinnar og var hugtakið mannréttindi notað sem réttlæting á íhlutunum. Íhlutanirnar sem gerðar voru í Kosovo, Afghanistan og Írak sýna breytta heimsskipan þar sem hefðbundið fullveldi ríkja eða fullvalda ríki sjálf eru ekki lengur í miðdeplinum. Ef 20. öldin var öld mannréttinda þá skýtur það skökku við að brot á mannréttindum hafi náð hæstu hæðum á meðan á henni stóð. Þjóðarmorð, fjöldamorð, þjóðernishreinsanir og helförin einkenndu öldina og segir lögfræðingurinn Costas Douzinas, að aldrei fyrr í mannkynssögunni hafi bilið milli norðurs og suðurs og ríkra og fátækra í velmegunarlöndunum verið meira. Einnig nefnir hann að aldrei fyrr hafi tölfræðin sýnt jafn mörg fórnarlömb hungursneyða, kúgunar og gjöreyðingar í veröldinni.<sup>39</sup> Með þessum orðum er vert að líta á þróun hugtaksins mannöryggi sem kom til skjalanna á 20. öldinni, einmitt í kjölfar þessara hörmunga.

---

<sup>37</sup> Shapcott, „International Ethics“, *The Globalization of World Politics: An introduction to International Relations*, 199.

<sup>38</sup> Costas Douzinas, „Human Rights, humanism and desire“, *Angelaki: Journal of the Theoretical Humanities*, (des: 2001) árg. 6, tbl. 3, 183.

<sup>39</sup> Douzinas, „Postmodern Just Wars and the New World Order“, 355 og 360.

### 3. Mannöryggi

Hugtakið öryggi eitt og sér er hægt að skilgreina út frá ýmsum forsendum, til dæmis einstaklingnum, ríkinu, alþjóðasamfélaginu eða hinu hnattræna samfélagi. Þrátt fyrir þessar mismunandi forsendur þá hafa fræðimenn sammælt um skilgreininguna að öryggi sé frelsi frá ógn, hvort sem hún beinist gegn einstaklingum eða innviðum og grunnstoðum samfélagsins. Aftur á móti er deilumál innan alþjóðakerfisins um hverri af ofangreindum forsendum athyglin ætti að beinast að. Á tímum Kalda stríðsins bar það hæst að talað var um öryggi ríkja sem skilgreint var út frá hernaðarlegum forsendum. Eftir að Kalda stríðinu lauk hefur umræðan breyst og er talað um hnattvæðingu sem nýtt form sem ógnar öryggi manna og ríkja. Hnattvæðingunni fylgja atburðir sem eru ekki á hendi ríkja að laga, aftra eða breyta. Til að mynda mætti nefna hér víðtækt og hnattrænt efnahagshrun, hnatthlýnun, hættuna á kjarnorkuslysum og svo hryðjuverkastarfsemi sem hvorki er stjórnað beint af ríkjum né verða fyrir beinum áhrifum frá stjórnvöldum ríkja.<sup>40</sup> Það er einmitt svo að öryggisógnir eru ekki endilega hernaðarlegs eðlis, heldur geta þær verið af ofangreindum orsökum eða komið til vegna t.d. fátæktar, farsóttar eða heimsfaraldra. Allar þessar hættur eru hlutfallslega minna áberandi hjá ríkjum löndum en hjá fátækum, þar sem áhrif þeirra geta verið meiri á almenna þegna og þær því valdið meiri skaða. Einnig eru þessar ógnir sagðar tengjast vopnuðum átökum sem vilja oft fylgja í kjölfar þeirra, því erfiðleikarnir og spennan sem haldast í hendur milli þessara tveggja geta verið ástæðan fyrir eða haft áhrif á upphaf vopnaðra átaka, sem aftur á móti gerir fólk almennt berskjaldaðra gagnvart þeim.<sup>41</sup>

Breytt eðli átak eftir Kalda stríðið og hörmungar sem bitna helst á einstaklingum eru þau atriði sem mest ógna friði á 21. öldinni. Þetta gerir þörfina fyrir auknu mannöryggi mikilvægari.<sup>42</sup> Mannöryggi verður að vera það afl sem knýr verslun, viðskipti, þróunaraðstoð og erlenda fjárfestingu ásamt umbótum innanlands. Nauðsynlegt er að meta þessa þætti út frá framlagi þeirra til mannöryggis og mikilvægt er að aðgerðir til varnar mannöryggi tileinki sér þá alla.<sup>43</sup> Ef þessir þættir fullnægja grunnþörfum manna er minni hættu á upplausn og ófriði þeirra á milli sem aftur á móti stuðlar að betri friði og öryggi innan ríkisins. Því er sagt

---

<sup>40</sup> Baylis, „International and Global Security“, *The Globalization of World Politics: An Introduction to International Relations*, 233.

<sup>41</sup> Alyson J.K. Bailes, *The World of Security and Peace Research in a 40-year perspective*, (Sweden: 2006), 11-12.

<sup>42</sup> Margaret P. Karns og Karen A. Mingst, *International Organizations: The Politics and Processes of Global Governance*, (London: 2010), 293.

<sup>43</sup> Caroline Thomas, *Poverty*, (Routledge: 2008), 258.



að mannöryggi sé besti grunnurinn að öryggi ríkis. Friðsælustu ríkin eru þau sem geta veitt borgurum sínum mesta öryggið. Veik ríki eru þau sem ekki geta boðið upp á mannöryggi, eða telja sig ekki þurfa þess.<sup>44</sup>

Upp úr 1960 skrifaði fræðimaðurinn Johan Galtung um muninn á jákvæðum friði og neikvæðum friði. Jákvæður friður felur í sér að formgerð samfélagsins hefur verið breytt til að stuðla að frekara jafnrétti meðal allra þegnanna, á engan skyldi vera hallað. Formgerðarofbeldi (e. structural violence) er ekki til þegar jákvæður friður er til staðar. Neikvæður friður á hinn bóginn felur í sér fjarveru stríðs eða ofbeldis, en þrátt fyrir fjarveru þess getur formgerðarofbeldi haft veruleg áhrif.<sup>45</sup> Formgerðarofbeldi á sér stað á grundvelli mismunar, til dæmis gegn ákveðnum kynþætti, trúarhóp, þjóðerni og svo framvegis. Þessi umræða lagði grunninn að frekari útlistun og mikilvægi orðsins mannöryggi. Til að vinna að friði varð þetta hugtak að koma inn í myndina, og það gerðist upp úr 1970 með þarfakenningunni (e. basic human needs) sem byggði á kenningu Maslows. Þarfakenningin segir að grunnþarfir einstaklinganna þurfi að vera uppfylltar, því annars geti stöðugleiki ekki myndast í þjóðfélaginu.<sup>46</sup> Þessar grunnþarfir leggja grunninn að öryggi og réttindum manna um heim allan. Mannöryggi, í sinni einföldustu mynd, er frelsi frá ótta og skorti. Kofi Annan sagði frelsi frá ótta og skorti byggja á fjarveru ógnar, hvort sem hún er í formi átaka, fátæktar, ofbeldis eða annars. Mismunandi aðstæður fólks leggja línurnar fyrir hvað telst vera skortur og hvað ótti. En hægt er að sammælast um það að íbúar ríkja eiga að geta lifað án hættunnar á að lífi þeirra og tilveru sé ógnað í hvaða formi sem er.<sup>47</sup>

Ríki hafa bundið öryggi manna í reglur og lög í gegnum hinar ýmsu alþjóðastofnanir, sem dæmi mætti nefna Sameinuðu þjóðirnar ásamt Rauða krossinum, en þessar stofnanir hafa verið þar mjög framarlega í flokki. En það er einmitt áherslum þeirra á mannréttindi að þakka að mannöryggi er orðið að viðurkenndu hugtaki í dag. Mannréttindi eru nefnilega lykillinn að mannöryggi. Alþjóðleg aðstoð, í formi neyðaraðstoðar og/eða þróunaraðstoðar, t.a.m. af hendi ríkja, félagasamtaka og fyrirtækja, hafa og munu hafa ævarandi áhrif á

---

<sup>44</sup> Connie Peck, „The Role of Regional Organisations“, *Turbulent Peace: The Challenges of Managing International Conflict*, ritstj: Chester A. Crocker og fleiri, (Washington: 2006), 4a útg, 564.

<sup>45</sup> Geoff Harris, „Studying conflict, violence and peace in African Universities“, *Higher Education*, árg. 59, tbl.3, (mars 2010), 294.

<sup>46</sup> Des Gasper, „Securing Humanity: Situating ‘Human Security’ as Concept and Discourse“, *Journal of Human Development*, árg. 6, tbl. 2, (July 2005), 222.

<sup>47</sup> Kofi Annan, „In Larger Freedom: Towards Development, Security and Human Rights for All“, *UN Chronicle*, tbl. 1,(2005), 4-5.

mannöryggi. Með neyðaraðstoð og/eða þróunaraðstoð er hægt að uppfylla grunnþarfir einstaklinga sem búa við átök eða hafa gengið í gegnum þau. Þeir aðilar sem veita neyðaraðstoð hafa ávallt litið á einstaklinginn sem miðpunktinn og vinna út frá áherslunni á hann. Með neyðaraðstoðinni er áætlunin að uppfylla grunnþarfir einstaklingsins þegar á átökum stendur, til dæmis með því að tryggja mat og skjól. Þróunaraðstoð aftur á móti byggir upp hagkerfi og styrkir stoðir samfélaga sem þurfa á því að halda.<sup>48</sup> Með fyrrgreindri aðstoð, neyðaraðstoð og þróunaraðstoð, er samfélögum veitt hjálp við að tryggja friðsamlegri aðstæður. Með því minnkar hættan á togstreitu og erfiðleikum sem líklegt er að geti ýtt undir vopnuð átök. En í kjölfar aukinnar hnattvæðingar er fyrir hendi sú hættan að hugsanir og gjörðir tengdar þjóðerniskennd aukist, þar sem hópar fólks standa frammi fyrir því að séreinkenni þeirra þurrkist út, máist út eða dofni til að aðlagast alþjóðlegum viðmiðum sem fylgja hnattvæðingu. Þegar hópar standa frammi fyrir þess háttar ógn er hættan á að gripið verði til ofbeldis sem lausnar á vandanum. Einnig hefur hnattvæðing þau áhrif að auka neikvæðar afleiðingar staðbundinna og vopnaðra átaka, sérstaklega aðila sem ekki eru á vegum ríkis. Til dæmis mætti nefna stríðsherra, uppreisnarhópa, vopnasölumenn og fleiri, sem hagnast af afurðum auðlinda sem þeir hafa á valdi sínu, eins og demöntum, eiturfjóm og jafnvel manneskjum. Það hefur sýnt sig og sannað að mannöryggi er ekki hátt skrifað í veikum eða föllum ríkjum því samfélagslegir og efnahagslegir þættir fullnægja ekki öryggi manna í kjölfar hungursneyða eða átaka.<sup>49</sup> Þetta ástand getur ekki tryggt einstaklingum frelsi frá ótta og er því mikilvægt að þjóðir heims uppfylli og fari eftir samþykktri mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og viðurkenni rétt hvernar manneskju til friðar, öryggis og réttar, líkt og segir meðal annars í 22. grein:

Allir þjóðfélagsþegnar skulu, fyrir atbeina hins opinbera eða á grundvelli alþjóðasamstarfs og í samræmi við skipulag og bjargráð hvers ríkis, eiga rétt á félagslegu öryggi og þeim efnahagslegu, félagslegu og menningarlegu réttindum sem eru nauðsynleg til þess að virðing þeirra og þroski fái notið sín.<sup>50</sup>

Hugtakið mannöryggi (e. human security) er notað til að leggja áherslu á að líf einstaklingsins, fjölskyldur og samfélag eru mikilvægir þættir í hnattrænum og minnkandi

<sup>48</sup> Rob Mcrae, „Human Security in a Globalised World“, *Human Security and the New Diplomacy*, ritstj. Rob Mcrae og Don Hubert, (London: 2001), 15-16.

<sup>49</sup> Mcrae, „Human Security in a Globalised World“, *Human Security and the New Diplomacy*, 18-19.

<sup>50</sup> *Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna*, tekið af vef Velferðarráðuneytis Íslands: [http://www.velferdarraduneyti.is/media/JafnrettiNu/Mannrettinda\\_ICEHR.pdf](http://www.velferdarraduneyti.is/media/JafnrettiNu/Mannrettinda_ICEHR.pdf) (sótt 13. febrúar 2012).

heimi. Velferð og öryggi einstaklinga og umhverfisöryggi eru allt þættir sem færst hafa í brennidepilinn á nýju árpúsundi, og hafa ríkisstjórnir Kanada, Japan og Noregs fest lögmæti orðsins í landslög, sem dæmi, sem sýnir hve mikilvægt það er.<sup>51</sup> Þótt hugtakið sjálft hafi ekki komið að einhverju marki til sögunnar fyrr en á áttunda áratug 20. aldar þá var langt í land með viðurkenningu þess meðal ríkja. Umræðan um mannöryggi var orðin hávær en viðbrögð alþjóðakerfisins voru svifasein og hæg. Þar á meðal voru Sameinuðu þjóðirnar lengi að taka við sér og fella orðið inn í verkreglur sínar. Ef til vill má rekja ástæðuna til þess hversu fordæmisgefandi það hefði orðið ef stofnunin hefði tekið af skarið innan alþjóðasamfélagsins fyrr. En ekki má gleyma að skrifræði stofnunarinnar byggir á samvinnu aðildarríkjanna og því fer fjarri að þær séu samstíga í álitum sínum til réttinda manna.<sup>52</sup>

Sameinuðu þjóðirnar bættu þó um betur og árið 1994 var hugtakið mannöryggi skilgreint í þróunaráætlun stofnunarinnar. Þar segir að auðveldara sé að viðhalda og tryggja mannöryggi með forvörnum, þ.e.a.s. með því að fyrirbyggja þær hættur sem að mannum geta stafað, m.a. af hnattvæðingunni. Í skýrslunni er minnst á það að auðveldara sé að skilgreina hugtakið þegar grundvallaratriði þess eru ekki til staðar. Það er sem sagt erfiðara að skilgreina hugtakið mannöryggi þegar öllum grundvallarþörfum einstaklinga er fullnægt.<sup>53</sup> Mannöryggi er flokkað niður í sjö víddir; efnahagslegt öryggi, mataröryggi, heilsuöryggi, umhverfislegt öryggi, persónulegt öryggi og svo samfélagslegt og pólitískt öryggi.<sup>54</sup> Þessir flokkar segja til um mikilvægi þess að fólk upplifi öryggi og allt eru þetta atriði sem allir einstaklingar í heiminum eiga sameiginlegt til að finna til öryggis. Þegar horft er til þess að Sameinuðu þjóðirnar ætluðu sér allt frá upphafi að stuðla að og tryggja sameiginlegt öryggi í heiminum er ekki víst hvort það ætlunarverk hafi farist þeim vel úr hendi. Það var einmitt misheppnuðum og illa skipulögðum aðgerðum stofnunarinnar að kenna að fólk lét lífið í átökum í Rúanda 1993-94 og í Bosníu-Herzegóvínu 1995. En í kjölfar íhlutana í síðarnefndu átökunum töpuðu Sameinuðu þjóðirnar trúverðuleika sínum í alþjóðakerfinu og töldust vanhæfar að mati þeirra sem vildu afdrifaríka íhlutun sem myndi leiða ástandið til lykta.

---

<sup>51</sup> Christopher Coker, *Globalisation and Insecurity in the Twenty-first Century: NATO and the Management of Risk*, (New York: 2006), 52.

<sup>52</sup> Kompás, handbók um mannréttindi fyrir ungt fólk, Evrópuráðið. Tekið af vef menntamálaráðuneytisins: [http://vefir.nams.is/kompas/pdf\\_klippt/5.kafli/10.pdf](http://vefir.nams.is/kompas/pdf_klippt/5.kafli/10.pdf) (sótt 5. mars 2012).

<sup>53</sup> Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna, „Human Development Report“, (2004), 22-23, [http://hdr.undp.org/en/media/hdr\\_1994\\_en\\_chap2.pdf](http://hdr.undp.org/en/media/hdr_1994_en_chap2.pdf) (sótt 4. apríl 2012).

<sup>54</sup> Roland Paris, „Human Security: Paradigm shift or hot air?“, *International Security*, árg 26, tbl. 2 (haust: 2001), 90.

NATO tók yfir aðgerðirnar með Bandaríkin í broddi fylkingar.<sup>55</sup> Við lok áratugarins voru uppi óánægjuraddir með valdheimildir Sameinuðu þjóðanna eða öllu heldur með aðgerðir eða aðgerðaleysi stofnunarinnar. Fór þar Kofi Annan, þáverandi framkvæmdastjóri stofnunarinnar, fremstur í flokki. Hann beindi athygli ríkja heims að nauðsyn þess að taka málefni mannöryggis lengra svo að aðgerðir því tengdu myndu skila sér á markvissari hátt. Til að það yrði að veruleika varð að breyta hugsunarhætti gerenda alþjóðakerfisins. Verndarábyrgð kemur til sögunnar eftir að Sameinuðu þjóðunum, eins og fyrr greinir, mistókst æ ofan í æ að koma í veg fyrir útbreiðslu átaka og sporna við alvarlegum afleiðingunum á meðan á þeim stóð og að þeim loknum.

---

<sup>55</sup> Peter Wallensteen, *Understanding Conflict Resolution: War, Peace and the Global System*, (London: 2005), 232.

#### 4. Verndarábyrgð.

Eins og komið hefur fram hér á undan stóð alþjóðakerfið frammi fyrir því að þurfa að skilgreina áherslumál sín í ljósi breyttra forsenda átaka við upphaf nýrrar aldar. Með auknum innanríkisátökum var öryggi einstaklinga enn frekar ógnað. Þar sem innleiðing mannöryggis og áframhaldandi áherslur á mannréttindi í alþjóðakerfinu voru ekki að skila sér í velheppnuðum og áhrifaríkum aðgerðum á vegum alþjóðastofnana á borð við Sameinuðu þjóðirnar var ljóst að grípa þurfti til enn frekari aðgerða. Það skipti því sköpum að stuðla að frekara mannöryggi til að vernda mannlíf og fá ríki, jafnt sem stofnanir, félagasamtök og allt alþjóðakerfið í heild sinni til að samþætta og innleiða aðgerðir því tengdu í lög og reglur.<sup>56</sup>

Hugmyndin um verndarábyrgð kom þá til skjalanna og var það tilraun til að koma til móts við öryggiskröfur ríkja til jafns við öryggisþarfir einstaklinga. Ríkjaöryggi hafði verið í forgrunni alþjóðasamskipta á grunni fullveldisins, með því tryggðu ríki afkomu sína og hagsmuni. Stóran hluta tíunda áratug 20. aldar voru í umræðunni áleitnar spurningar á borð við það hvenær öðrum ríkjum og stofnunum bæri að beita íhlutunum vegna átaka sem ógnuðu lífi og afkomu fólks. Þetta endurspeglaði stöðu alþjóðasamfélagsins, sem stóð frammi fyrir því að þurfa að endurskilgreina hvað aðgerðir þeirra áttu að standa fyrir. Metnaðarfyllsta aðgerðin var þegar ráðstefnan International Commission on Intervention and State Sovereignty (e. ICISS) var haldin í Kanada á vegum kanadíska ríkisins árið 2001. Öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna var boðið til að ráða ráðum sínum og finna sameiginlega lausn á vandanum tengdum íhlutun í mannúðarskyni og fullveldi ríkja. Nauðsynlegt var að samþætta mikilvægi orðanna fullveldi og mannréttindi. Í þeim ríkjum þar sem mannréttindi voru virt að vettugi var áriðandi að yfirvöld samþykktu íhlutun af mannúðarástæðum sem lið í auknum mannréttindum.<sup>57</sup>

Úrlausnir átaka voru komnar á villigötur að mati Kofi Annan, þáverandi framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna. Hann setti hugtakið fram í sviðsljósið með því að fela öryggisráðinu það hlutverk að skilgreina inntak hugtaksins verndarábyrgðar. Við stofnun ICISS var höfð að leiðarljósi spurning sem Kofi Annan hafði lagt fyrir öryggisráðið í september árið 1999, og hljóðar svo: "Ef íhlutun af mannúðarástæðum er í raun óviðunandi árás á fullveldi ríkja,

<sup>56</sup> Ramesh Thakur, „Intervention, Sovereignty and the Responsibility to Protect“, *Security Dialouge*, árg. 33, tbl. 3, (september: 2002), 324.

<sup>57</sup> Dannreuther, *International Security: The Contemporary Agenda*, 146-7.

hvernig ber okkur þá að bregðast við tilvikum á borð við Rúanda eða Srebrenica, eða við grófum og kerfisbundnum mannréttindabrotum sem brjóta allar sammannlegar grundvallarreglur?“ Með þessum orðum vildi Kofi Annan vekja athygli alþjóðasamfélagsins á málinu og um leið leggja áherslu á skyldu allra ríkja og allra einstaklinga í heiminum til að láta sig málefni og afkomu annarra varða. Þetta væri í raun eina leiðin til að Sameinuðu þjóðirnar myndu uppfylla hlutverk sitt og standa við þau markmið sem sett voru með upphafi stofnunarinnar.<sup>58</sup>

Áætlunin með ICISS ráðstefnunni var að leita leiða til að greiða úr þeirri stöðu sem myndaðist eftir að NATO tók yfir aðgerðum á Balkanskaga úr höndum Sameinuðu þjóðanna árið 1999. Aðgerða-og/eða getuleysi Sameinuðu þjóðanna var lýst sem klípu alþjóðakerfisins. Ef fullveldisákvæðin fengju að ráða för, þ.e.a.s. íhlutanir væru ekki framkvæmdar í nafni mannúðar, gerðust ríki samsek um harmleik. Einnig var því mótmælt að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna þyrfti ávallt að samþykkja mannúðlega íhlutun, með því væri málefnið afhent því ríki af fastaríkjunum fimm sem líklegast væri til að beita neitunarvaldinu. Sinnuleysi, jafnvel áhugaleysi annarra ríkja innan Sameinuðu þjóðanna gæti einnig staðið í hlutuninni fyrir þrifum. En á sama tíma var bent á umboð öryggisráðsins sem mikilvægt valdataeki til að viðhalda heimsfriði. Ef valdi væri beitt án samþykkis ráðsins væri sá hinn sami að brjóta alþjóðlög og grafa undan jafnvægi og friði í heiminum.<sup>59</sup> Aðaláhersluatriði ráðstefnunnar var að festa í sessi í alþjóðakerfinu þrjár stoðir; 1) Grunnskylda og helsta ábyrgð ríkja væri að vernda eigin borgara gegn stríðsglæpum, þjóðarmorðum, þjóðernishreinsunum og glæpum gegn mannkyninu. 2) Alþjóðakerfi ríkja bæri skylda til að aðstoða önnur ríki við að uppfylla þessar grunnskyldur og verndarábyrgð. 3) Alþjóðakerfinu beri að bregðast við ef ríki eru ekki megnug að framfylgja eigin verndarábyrgð, það skuli gert í gegnum öryggisráðið á grunni stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Með þessum breytingatillögum færðist áherslan og ábyrgðin yfir á herðar ríkjanna. Á þennan hátt urðu breytingar á tungutaki tengdu íhlutunum af mannúðarástæðum og hugtakið verndarábyrgð var tekið í notkun af ríkisstjórnnum,

---

<sup>58</sup> Gareth Evans, „Verndarábyrgðin“, *Stjórn á hættutímum: NATO fréttir*, (sumar 2002).

[http://www.nato.int/docu/review/2002/issue4/icelandic/analysis\\_pr.html](http://www.nato.int/docu/review/2002/issue4/icelandic/analysis_pr.html) (sótt 5.mars 2012).

<sup>59</sup> Thakur, „Intervention, Sovereignty and the Responsibility to Protect“, 324-325.

alþjóðastofnunum, óháðum félögum sem og óháðum stofnunum, þó það hafi ekki verið fest í alþjóðalög eða reglur.<sup>60</sup>

ICISS ráðstefnan sagði mikilvægasta hluta verndarábyrgðarinnar vera ábyrgðina á því að koma í veg fyrir að til átaka komi og að þau breiðist út, þ.e. að fyrirbyggja átök (e. responsibility to prevent). Fyrri rökin sem gefin voru fyrir því eru hve yfirgripsmikið hugtakið verndarábyrgð er í raun og veru þar sem það felur í sér að bjarga mannlífum. Það þýðir í raun nauðsyn þess að geta komið í veg fyrir að fólk týni lífinu í stað þess að bregðast við þegar fólk týnir lífi. Seinni rökin segja að áherslan á að koma í veg fyrir átök hafi verið nauðsynleg til að mynda grundvöll fyrir hernaðarlutunir í stærra samhengi, sem er að vernda borgara og reyna að koma í veg fyrir útbreiðslu átaka þar sem alþjóðakerfið þarf að taka afstöðu um að skerast í leikinn eða standa hjá. Gagnrýni á verndarábyrgðina hefur heyrst í tengslum við notkun orðanna fyrirbygging og uppbygging samhliða hugtakinu. Því er haldið fram að orðin séu notuð saman til að réttlæta hernaðarlega íhlutun enn frekar. Gagnrýni á þessum nótum hefur verið notuð af þeim sem telja tengslin milli hernaðarlegra íhlutana í mannúðarskyni, fyrirbyggingar og uppbyggingar, vera ávísun á misnotkun verndarábyrgðarinnar. Þetta er talið vinna með herskáum þjóðum en um leið aftrar það þátttöku friðelskandi þjóða sem gæta að mannréttindum. Í þessu samhengi hefur innrásin í Írak árið 2003 oft verið nefnd sem gott dæmi um þess háttar misnotkun.<sup>61</sup>

Til að hægt sé að vernda fólk og samfélög þá er mikilvægt að styðja við og styrkja hæfni ríkja til að stand undir alþjóðlegum lagalegum skuldbindingum.<sup>62</sup> Það sé gert með enn frekari áherslu á notkun hugtaksins verndarábyrgð innan alþjóðakerfisins. Máltækið „aldrei er góð vísa of oft kveðin“ á vel við í þessu samhengi. Það er mikilvægt að hamrað sé á hugmyndinni að baki verndarábyrgðinni, aðeins á þann hátt mun hugtakið ná rótfestu innan alþjóðakerfisins. Ban Ki-moon, arftaki Kofi Annans í framkvæmdastjórástól Sameinuðu þjóðanna, hefur tekið við kyndlinum. Hann hefur unnið þarft og gott verk í þá átt að gera verndarábyrgðina að viðurkenndu öryggishugtaki. Starfi hans er þó hvergi nærri lokið eins kom fram í ræðu sem hann hélt við Stanley-stofnunina (e. The Stanley Foundation), 12. janúar 2012. Þar sagði hann að verndarábyrgðin væri aðkallandi, mikilvægt og

<sup>60</sup> Alex J. Bellamy, „The Responsibility to Protect: Five Years on“, *Ethics and International Affairs*, árg. 24, tbl. 2 (2010), 143.

<sup>61</sup> Alex J. Bellamy, *Responsibility to protect: the Global Effort to End Mass Atrocities*, (Cambridge: 2009), 52-3.

<sup>62</sup> „Uppbygging á hæfni“, tekið af vef UNHCR.se: <http://www.unhcr.se/is/vid-gerum/haefnisuppbygging.html> (sótt 31. mars 2012).

áframhaldandi verkefni alþjóðasamfélagsins. Vegna hiks og aðgerðaleysis hefði samfélagi ríkja of oft mistekist að koma í veg fyrir útbreiðslu átaka og afleiðinga þeirra. Afleiðingin væri vantrú manna á getu Sameinuðu þjóðanna til að uppfylla upphaflegt takmark sitt, sem var aðgæsla friðar og öryggis í heiminum. Þörfin á að skilgreina aðstæður rétt og örugglega væri mikil til að koma í veg fyrir mistök. Þetta ætti að vera á færi svæðisbundinna stofnana en einnig ættu alþjóðastofnanir á borð við Sameinuðu þjóðirnar að koma að málum og saman ættu stofnanirnar að vinna að sama takmarki: að bjarga mannlífum með verndarábyrgðinni. Stór hluti ræðunnar fór í að ræða aðgerðaleysi Sameinuðu þjóðanna, máttleysi og takmarkanir. Ban nefndi að árið 2011 hafi tímamót átt sér stað með fjölda fyrirbyggjandi aðgerða á vegum Sameinuðu þjóðanna um heim allan en betur má ef duga skal. Þörf er á frekari aðgerðum og nauðsynlegt er að fá fleiri ríki til liðs við stofnunina til að vinna að markmiðum verndarábyrgðar sem eins og fyrr greinir eru að fyrirbyggja og byggja upp og að samþætta öryggi fullvalda ríkja og öryggi einstaklinga.<sup>63</sup> Ban Ki-moon hefur unnið erfitt starf við að fá ríki heims til liðs við sig í innleiðingu hugtaksins verndarábyrgð. Hann hefur biðlað til ríkra og sterkra ríkja um aðstoð og má segja að hann sé frumkvöðull í að mynda orðvenju í kringum hugtakið. Hann leggur mikla áherslu á að aðildarríki Sameinuðu þjóðanna brúi bilið á milli orðagjálfs og aðgerða, „lofið minna og standið við meira“ var slagorðið.<sup>64</sup>

---

<sup>63</sup> Ban Ki-Moon, *Responsibility to protect came of age in 2011: Secretary General tells Conference, Stressing need to Prevent Conflict Before it Brakes out*. Ræða flutt við Stanley-stofnunina 12. janúar 2012. <http://www.un.org/News/Press/docs/2012/sgsm14068.doc.htm> (sótt 6. mars 2012).

<sup>64</sup> Bellamy, „The Responsibility to Protect: Five Years on“, 146.



## 5. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna

Forveri Sameinuðu þjóðanna, Þjóðabandalagið, sem stofnað var í kjölfar stríðsloka árið 1918, átti að gegna miklu öryggishlutverki meðal ríkja heims. Aðaláherslan var að koma í veg fyrir stríð. Í Þjóðabandalaginu þurfti einróma samþykki meðal aðildarríkja á meðan öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fer fram á meirihluta samþykki ríkja sem ekki eru fastaríki en fastaríkin fimm þurfa öll að samþykkja aðgerðir.<sup>65</sup> Upprunalega hafði öryggisráð SP skilgreint hlutverk sitt þannig, að það væri til að koma í veg fyrir þriðju heimsstyrjöldina. Þar sem heimurinn skiptist í tvær fylkingar á tímum Kalda stríðsins, aðra leidda af Bandaríkjunum og hina af Sovétríkjunum var mest um að milliríkjaátök væru háð á milli landa sem studd voru af öðrum hvorum aðilanum, annað hvort Bandaríkjunum eða Sovétríkjunum. Þessi valdabarátta í tvíþólakerfinu orsakaði meiri hollustu leppríkja við stórveldin tvö sem leiddi til bælingar á átakaþáttum innan landa, t.d. á grundvelli kynþátta svo eitthvað sé nefnt.<sup>66</sup>

Fram að lokum Kalda stríðsins vann öryggisráðið helst að því að stöðva svæðisbundin átök sem voru á milli aðila sem nutu stuðnings hvor síns tvíþólaveldisins. Um leið og ástandið í samskiptum milli austurs og vesturs batnaði og lokakafli Kalda stríðsins var hafinn jókst samstarfsvilji fastaríkjanna fimm innan öryggisráðsins. Fyrstu merki þessa aukna samstarfsvilja og einingar innan öryggisráðsins komu fram árið 1986 þegar óformlegar viðræður áttu sér stað meðal fastaríkjanna fimm; Bandaríkjanna, Bretlands, Frakklands, Kína og Rússlands, um aðgerðir vegna stríðsins á milli Íran og Írak. Þessi óformlegi fundur var upphafið að merkum áfanga í sögu Sameinuðu þjóðanna við lok Kalda stríðsins, þegar stofnunin hafði eftirlit með vopnahléi milli Íran og Írak árið 1987.<sup>67</sup>

Mikilvægt er að eining ríki innan öryggisráðsins, sérstaklega ef þess er gætt að aðgerðir Sameinuðu þjóðanna byggja á samþykki ráðsins ef til íhlutunar kemur. Í kafla sjö í stofnsáttmálanum er fjallað um aðgerðir stofnunarinnar vegna ófriðarhættu, friðrofa og árása. Öryggisráðinu ber skylda til að segja til um ef skarð eða rof hefur myndast í þann frið og öryggi sem á að vera á heimsvísu, innan ríkja sem milli þeirra. Einnig er það hlutverk ráðsins að ákveða og segja til um aðgerðir í því samhengi. Vandí gæti steðjað að framkvæmdavaldi öryggisráðsins ef eitt af fastaríkjunum fimm stæði í átökum við annað ríki

<sup>65</sup> Karns og Karen A. Mingst, *International Organizations: The Politics and Processes of Global Governance*, 295.

<sup>66</sup> Mcrae, „Human Security in a Globalised World“, *Human Security and the New Diplomacy*, 15.

<sup>67</sup> David M. Malone, „Introduction“, *The UN Security Council: From the Cold War to the 21st Century*, ritstj: David M. Malone (Colorado: 2004), 4.

eða innan síns eigin landamæra. Þess ber að geta að neitunarvaldið eiga ríkin ekki að umgangast með léttúð heldur með ábyrgð. Fastaríkjunum ber að hafa hagsmuni stofnunarinnar að leiðarljósi umfram eigin hagsmuni. Vald ráðsins er töluvert, því þar eiga sæti valdamestu ríki heims. Þetta eitt og sér gerir Sameinuðu þjóðirnar ólíkar öðrum alþjóðastofnunum en um leið sýnir þetta áhrifamátt þeirra ef sameiningar gætir með ákvarðanir innan öryggisráðsins.<sup>68</sup> Í framhaldinu er vert að benda á að á heimsráðstefnunni árið 2005 (e. World Summit), sem haldin var á vegum Sameinuðu þjóðanna, var hugtakið verndarábyrgð endanlega fest í tungutak alþjóðasamfélagsins. Meira fór að bera á orðinu í kjölfarið og varð það að nokkurs konar orðvenju þó það væri ekki komið í lög eða regluverk stofnunarinnar. Öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna samþykktu hugtakið á ráðstefnunni nema Rússland, Kína, Brasilía, Alsír og Filippseyjar.<sup>69</sup> Innleiðing hugtaksins sýndi og sannaði hvað Sameinuðu þjóðirnar hafa mikið fordæmisgildi innan alþjóðakerfisins. Aðildarríki sem gangast við og viðurkenna verkreglur stofnunarinnar þurfa að standa skil á þeim heima fyrir og gagnvart eigin þegnum.<sup>70</sup>

---

<sup>68</sup> Wallensteen, *Understanding Conflict Resolution: War, Peace and the Global System*, 233, 255 og 237.

<sup>69</sup> Bellamy, „The Responsibility to Protect: Five Years on“, 145.

<sup>70</sup> Karns og Karen A. Mingst, *International Organizations: The Politics and Processes of Global Governance*, 131.

## 6. Niðurstaða

Fylgismenn raunhyggjunnar eru efins með ágæti siðferðis í alþjóðastjórnámálum og að svokallað alheimssiðgæði sé í raun og veru til. Þessi vantrú fællir leiðtoga ríkja frá því að fórna ríkishagsmunum fyrir óljósa hugmynd um almennt, sameiginlegt siðferði. Rök þeirra hljóma á þann veg að leiðtogum ríkja beri að fjarlægja sig hugmyndum og hugsunum um hefðbundið siðferði þar sem hættu sé á að siðferðishugsanir veiki stjórnunarhæfileika þeirra. Þeim sé ætlað að tileinka sér stjórnámálalegt mikilvægi. Talsmenn þjóðarhagsmuna tala gjarnan um tvöfalt siðferði í þessum efnum og segja að ein siðferðisviðmið gildi fyrir þegna innan landamæra ríkja og önnur fyrir þegna annarra landa. Þeim rökum er fleygt fram að leiðtogum ríkja beri skylda til að hegða sér í utanríkismálum á þann hátt sem einstaklingum er ekki samboðinn, þ.e.a.s. blekkja, ljúga og jafnvel drepa. Jafnframt halda stuðningsmenn raunhyggjunnar því á lofti að ríkið sjálft sé fulltrúi siðferðislegs afls. Þeir segja tilurð ríkisins leggja grunninn að möguleikanum á siðferðislegu og pólitísku samfélagi innanlands.<sup>71</sup> Hugmyndin um siðferði er aðeins tengd innanlandsmálum og þegnum ríkisins sjálfs og má gera að því skóna að raunhyggjan eigi ekki eftir að tengja siðferði við utanríkismál og samvinnu á alþjóðavettvangi. Í þessu felst vandi. Vandinn við sameiginlegan útgangspunkt ríkja þegar alþjóðastofnanir á borð við Sameinuðu þjóðirnar telja sér skylt að grípa til aðgerða til verndar einstaklingum. Innan Sameinuðu þjóðanna birtist þessi áherslumunur ríkja meðal annars í ákvarðanatöku innan öryggisráðsins.

Ein helsta ástæða þess að íhlutanir og friðargæsluverkefni Sameinuðu þjóðanna hafa ekki gengið samkvæmt vonum er vegna afstöðu stórveldanna í öryggisráðinu. Á meðan á Kalda stríðinu stóð voru þau treg til að veita stuðning sinn til aðgerða í löndum sem ekki heyrðu undir þeirra áhrifasvæði. En eftir að Kalda stríðinu lauk hafa Sameinuðu þjóðirnar beitt íhlutunum í mörgum löndum, oftast án hernaðarlegs, efnahagslegs eða stjórnámálalegs stuðnings sem nauðsynlegur er til að framkvæma friðargæsluverkefnin. Sameinuðu þjóðirnar geta ekki vænst árangurs í aðgerðum sínum án stuðnings aðildarríkjanna og þá sérstaklega fastaríkjanna fimm.<sup>72</sup>

Í stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna kemur fram að aðgerðir stofnunarinnar eigi meðal annars að tryggja með samþykkt reglna að vopnavaldi skuli ekki beitt nema í þágu

<sup>71</sup> Dunne og Brian C. Schmidt, „Realism“, *The Globalization of World Politics: An Introduction to International Relations*, 86-87.

<sup>72</sup> Edward Johnson, *United Nations-Peacekeeper?* (England: 1995), 57.

sameiginlegra hagsmuna.<sup>73</sup> Í ljósi þess að sameiginlegir hagsmunir eru nefndir er vert að skoða afstöðu raunhyggjunnar til þeirra. Eins og fyrr hefur komið fram þá eru sameiginlegir hagsmunir ekki allra heldur eru hagsmunir hvers ríkis fyrir sig ávallt í forgrunni. Þar sem ætlun Sameinuðu þjóðanna frá upphafi var og er enn í dag, að viðhalda og gæta að sameiginlegu öryggi má draga af því þá ályktun að átt hafi verið við öryggi ríkja en ekki þeirra sem búa innan þeirra. Aðgerðir Sameinuðu þjóðanna bera þess vitni að ríki eru ekki að horfa til sameiginlegra hagsmuna heldur eiginhagsmuna.<sup>74</sup>

Jafnframt segir í 30. gr. mannréttindayfirlýsingarinnar að engu ríki, einstaklingi eða hópi er heimilt að aðhafast nokkuð sem ógnar og gerir að engu það frelsi eða þau réttindi sem yfirlýsingin tekur fyrir og snýst um.<sup>75</sup> Með þetta í huga er ekki hjá því komist að hugsa til allra þeirra átaka sem hafa orðið milli eða innan ríkja eftir tilkomu Sameinuðu þjóðanna án þess að hlutast hefur verið til um átökin af hálfu stofnunarinnar. Þetta er einmitt vandi Sameinuðu þjóðanna, nóg er um alþjóðalög sem samþykkt hafa verið af aðildarríkjum stofnunarinnar en ekki eru sömu ríki alltaf tilbúin að samþykkja aðgerðir til varnar reglugerðunum eða til að fylgja þeim eftir.<sup>76</sup> Í upphafi voru Sameinuðu þjóðirnar uppteknar af átökum milli ríkja og ber stofnsáttmálinn þess vitni. Í 51. gr. stofnsáttmálans segir að bannað sé með öllu að ríki beiti valdi nema í sjálfsvörn og þá skuli bera þær undir Sameinuðu þjóðirnar og fá samþykki. Ríki hafi órjúfanlegan rétt til að sjálfsvarnar.<sup>77</sup> Jafnframt kemur það fram 7. mgr. 2. gr. að ekkert í stofnsáttmálanum heimili afskipti af málefnum ríkis innan lögsögu þess. Þar með hafa hugmyndir um fullveldi náð fram að ganga. Þetta ákvæði heftir í raun skyldu aðildarríkja til að bregðast við mannréttindabrotum sem framin eru innan ríkja.<sup>78</sup> Enn fremur má benda á að mannréttindayfirlýsingin var samþykkt árið 1948 eftir

<sup>73</sup> *Stofnsáttmáli*, tekið af vef Upplýsingaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna fyrir Vestur-Evrópu, <http://www.unric.org/is/upplýsingar-um-st/13> (sótt 27. mars 2012).

<sup>74</sup> *Mannréttindi í íslenskri utanríkisstefnu*, (2007), tekið af vef Utanríkisráðuneytisins: [http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Utgafa/Mannrettindi\\_i\\_islenskri\\_utanrikisstefnu.pdf](http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Utgafa/Mannrettindi_i_islenskri_utanrikisstefnu.pdf) (sótt 26. mars 2012).

<sup>75</sup> *Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna*, tekið af vef Mannréttindaskrifstofu Íslands <http://www.humanrights.is/mannrettindi-og-island/helstu-samningar/sameinudu-thjodirnar/mannrettindayfirlýsing-sth/> (sótt 26. mars 2012).

<sup>76</sup> *Mannréttindi í íslenskri utanríkisstefnu*, (2007), tekið af vef Utanríkisráðuneytisins: [http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Utgafa/Mannrettindi\\_i\\_islenskri\\_utanrikisstefnu.pdf](http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Utgafa/Mannrettindi_i_islenskri_utanrikisstefnu.pdf) (sótt 26. mars 2012).

<sup>77</sup> *Stofnsáttmáli*, tekið af vef Upplýsingaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna fyrir Vestur-Evrópu: <http://www.unric.org/is/upplýsingar-um-st/13> (sótt 2. apríl 2012).

<sup>78</sup> Gareth Evans, *From Humanitarian Intervention to the Responsibility to Protect*, (mars: 2006), tekið af vef International Crisis Group: <http://www.crisisgroup.org/en/publication-type/speeches/2006/from-humanitarian-intervention-to-the-responsibility-to-protect.aspx> (sótt 2. apríl 2012).

samningaviðræður sem stóðu yfir allt frá stofnun Sameinuðu þjóðanna. Mannréttindayfirlýsingin er bindandi mannréttindasamningur þar sem grundvallarréttindi manna eru sett fram. Í grunninn byggir hún á tveimur samningum, um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi annars vegar og hins vegar um félagsleg, menningarleg og efnahagsleg réttindi. Því er haldið fram að með því að skipta réttindunum í tvo hópa sé verið að mismuna mannréttindum þar sem félagslegu, menningarlegu og efnahagslegu réttindin hafa verið sett skör lægra en borgaralegu og stjórnmalalegu réttindin.<sup>79</sup>

Mannöryggi er hugtak sem notað er til að réttlæta íhlutanir í kjölfar mannréttindabrota á borgurum annarra ríkja. Hingað til hafa ríki heims að einhverju leyti veigrað sér við íhlutun vegna fullveldis ríkja. Verndarábyrgðin vísar til kenninga um nauðsyn þess að samþætta fullveldi ríkja og ábyrgð alþjóðakerfisins gagnvart grófum mannréttindabrotum innan ríkja. Það hefur ekki alltaf gengið sem skyldi að fá ríki heims í varnarham fyrir önnur ríki. Verndarábyrgðin sem margir bundu miklar vonir við í upphafi 21. aldar hefur ekki enn verið innleidd í alþjóðalög eða í lög og reglur Sameinuðu þjóðanna. Að öllum líkindum gerist það ekki fyrr en hugmyndin að baki hugtakinu og inntak þess hafa náð að festa sig enn betur í sessi. Í dag er verndarábyrgðin meira áberandi en áður eins og sjá má þegar ályktanir Sameinuðu þjóðanna eru skoðaðar.<sup>80</sup> Ályktun númer 1674 (2006), var lögð fyrir öryggisráðið eftir heimsráðstefnuna árið 2005. Þar segir að ákvæði frá heimsráðstefnunni, um verndarábyrgðina gegn stríðsglæpum, þjóðarmorðum, fjöldamorðum og glæpum gegn mannkyni, sé staðfest af öryggisráðinu.<sup>81</sup> Þrátt fyrir einróma samþykki ríkja á heimsráðstefnunni árið 2005 um mikilvægi hugtaksins þá tók það öryggisráðið sex mánuði að taka verndarábyrgðina fyrir og samþykkja. Breytingar sem voru gerðar á öryggisráðinu varðandi ríki sem ekki áttu fastasæti breytti nokkru þar um og einnig hafði mildað orðaval tengt hugtakinu sín áhrif. Eftir að ályktun 1674 (2006) var samþykkt hefur orðið verndarábyrgð verið notað einungis einu sinna af öryggisráðinu í tengslum við ástandið í Darfúr í ályktun 1706 (2006). Þá sat Kína hjá ásamt nokkrum öðrum aðildarríkjum sem gerði það að verkum að klausan um verndarábyrgð var tekin út þegar öryggisráðið ályktaði um

<sup>79</sup> *Mannréttindi í íslenskri utanríkisstefnu*, (2007), tekið af vef Utanríkisráðuneytisins:

[http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Utgafa/Mannrettindi\\_i\\_islenskri\\_utanrikisstefnu.pdf](http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Utgafa/Mannrettindi_i_islenskri_utanrikisstefnu.pdf) (sótt 26. mars 2012).

<sup>80</sup> Bellamy, „The Responsibility to Protect: Five Years on“, 144.

<sup>81</sup> Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna, ályktun 1674, ( 28. apríl2006), tekið af vef Sameinuðu þjóðanna:

<http://daccess-dds-ny.un.org/doc/UNDOC/GEN/N06/331/99/PDF/N0633199.pdf?OpenElement> (sótt 9. apríl 2012).

Darfúr ári seinna í ályktun 1769 (2007). Þegar öryggisráðið fundaði svo um ástandið í Sómalíu í ályktun 1814 (2008) var verndarábyrgð ekki nefnd á nafn heldur talað undir rós og rætt um vernd borgara. Á þessu sést greinilega hversu treglega öryggisráðið vinnur að því að innleiða og nota verndarábyrgðina þó að sýnilegur vilji sé til staðar. Í samhengi við þetta er vert að benda á að allsherjarþingið hefur notað hugtakið verndarábyrgð alls níu sinnum en ekki hefur verið aðhafst með íhlutun í hvert sinn.<sup>82</sup>

Rétturinn til að beita valdi til verndar saklausum virðist hvíla fremur á hugmyndum manna um góðvild en á raunhæfum aðgerðum alþjóðastofnanna. Íhlutun af mannúðarástæðum ætti að grundvallast á þremur sjónarmiðum; undir hvaða kringumstæðum á að beita íhlutun, hverja á að vernda og það fyrir hverjum. Einnig þarf að skoða hvað á ekki að gera. Fræðimaðurinn Terry Nardin telur að sé þessum spurningum beitt í tengslum við íhlutun af mannúðarástæðum sé búið að útiloka tengingu siðferðis við aðgerðina sjálfa. Ekki megi þó gleymast að ákvarðanatáka ríkja byggir á mun flóknari og dýpri ígrundunum þegar kemur að mannúðaríhlutunum. Enn fremur segir Nardin að ákvarðanir ríkja og alþjóðasamskipti eigi að byggjast á stjórnámálum en ekki siðferðislegri heimspeki. Það sé á höndum ríkja að framkvæma íhlutanir af mannúðarástæðum þó svo að alþjóðasamfélagið notist við alþjóðastofnanir til að bregðast við átökum sem eru ógn við sameiginlegt öryggi. Ástæðan fyrir þess háttar aðgerðum er að fá víðtækari stuðning þar sem sameiginlegu öryggi ríkja er ógnað.<sup>83</sup> Alex J. Bellamy hefur það eftir Simon Chesterman, í grein sinni, að pólitískur vilji hafi úrslitavald þegar ríki ákveði að skerast í leikinn, ekki spurningin um fullveldi. Íhlutun sé því bara líkleg þegar ríki sjá sér skylt að beita íhlutun, hvort sem það sé í mannúðarskyni eða eiginhagsmunaskyni.<sup>84</sup>

Þó svo að heimsborgarhyggjan teygi uppruna sinn allt aftur til stóuspekinganna í Grikklandi til forna þá á hún vel við í dag. Aðstæður nútímans bjóða ef til vill betri grunn til að móttaka boðskap stefnunnar og er þar átt við að aukin hnattvæðing hefur skapað ný tækifæri fyrir málstað heimsborgarahyggjunnar varðandi jafnræði meðal manna. Áhersla hefur verið lögð á mikilvægi þess að leysa hnattræn vandamál, til dæmis umhverfisvá, á

---

<sup>82</sup> Bellamy, „The Responsibility to Protect: Five Years on“, 145.

<sup>83</sup> Terry Nardin, „The Moral Basis of Humanitarian Intervention“, *Ethics and International Affairs*, (apríl: 2002), 66-67.

<sup>84</sup> Alex J. Bellamy, „Wither the Responsibility to Protect? Humanitarian Intervention and the 2005 World Summit“, *Ethics and International Affairs*, (2006), árg. 20, tbl.2, 145.

grundvelli velferðar mannsins sem einnar heildar hér á jörð.<sup>85</sup> Sem dæmi mætti nefna að þeir sem aðhyllast heimsborgarahyggju álíta það skipta miklu að alþjóðalög taki upp þá venju að verja fórnarlömb átaka hvar sem þau kunna að búa í heiminum. Breska þingið tók upp lög þess efnis að þjóðarleiðtogar sem sekir eru um mannréttindabrot geta ekki farið fram á friðhelgi eða sakaruppgjöf fyrir dómstólum á grundvelli fullveldis (e. the principle of sovereign immunity). En á móti kemur að gagnrýnisraddir hafa heyrst sem benda á hættuna á því að einstök ríki, þá aðallega stórveldin grípi til hernaðaríhlutanna í nafni mannréttinda og að fullveldisákvæði ríkja í alþjóðalögum verði rofin og allt inngripið bæði leynt og ljóst í hagsmunaskyni stórveldanna. Einmitt á þessum forsendum leggja fræðimenn raunhyggjunnar fram sín rök gegn þess háttar hugsunum sem ganga út á alheimssamfélag. Þeir segja að of auðvelt verði fyrir ríki í gegnum utanríkisstefnur sínar að réttlæta það að skera upp herör gegn andstæðu stjórnarfari til að öðlast lögmæti.<sup>86</sup>

Víkur þá sögunni aftur að því að ríki eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, í því felst sameiginlegt öryggi. Ekki verður hjá því komist að horfa til þeirra áherslubreytinga sem myndast hafa í alþjóðasamskiptum frá stofnun Sameinuðu þjóðanna til dagsins í dag. Í stofnsáttmálanum frá árinu 1946 er áherslan á fullvalda ríki og öryggi þeirra en í dag má segja að áherslan sé á mannöryggi og takmarkanir fullveldisins.<sup>87</sup>

Af ofangreindu má sjá að valdheimild Sameinuðu þjóðanna er takmörkuð vegna fastaríkjanna fimm og áhrifastöðu þeirra innan öryggisráðsins til að gæta eigin ríkjahagsmuna umfram hagsmuni annarra ríkja eða einstaklinga ef því er að skipta.

---

<sup>85</sup> Chris Brown, „Cosmopolitanism, World Citizenship and Global Civil Society“, *Human Rights and Global Diversity*, ritstj. Simon Caney og Peter Jones, (Essex: 2001), 7 og 9.

<sup>86</sup> Andrew Linklater, „Globalization and the Transformation of Political Community“, *The Globalization of World Politics: an Introduction to International Relations*, ritstj. John Baylis og Steve Smith, 3. útg, (Oxford: 2006), 721-722.

<sup>87</sup> Gareth Evans og Mohamed Sahnoun, „The Responsibility to Protect“, *Foreign Affairs*, árg. 81, tbl.6, (nóv/des: 2002), 101-102.

## 7. Lokaorð: Batnandi „ríkjum“ er best að lifa.

Þó að raunhyggja sé ráðandi og lýsandi fyrir afstöðu ríkja þegar kemur að afskiptum af átökum sem eiga sér stað innan annarra ríkja þá má segja að ljós siðferðis og mannúðar sé farið að skína skærar vegna tilkomu heimsborgarahyggjunnar. En kjarni málsins er einmitt að ríki eru byggð upp af þjóð sem er ekkert annað en samansafn einstaklinga. Raunhyggjumenn höfðu rétt fyrir sér þegar þeir töluðu um að stjórnleysi í alþjóðakerfinu sé viðvarandi vegna skorts á yfirþjóðlegu valdi, hvort sem um ræðir stofnun, samtök eða samband. Þetta tiltekna stjórnleysi leggur grunn raunhyggjunnar að hegðun ríkja og utanríkisstefnum flestra þeirra. Sameinuðu þjóðirnar hafa ekki vald til að framfylgja lögum og refsa ef reglur sem samþykktar eru á alþjóðavísu eru sniðgengnar. Því má segja að sýn raunhyggjunnar eigi vel við og er meira lýsandi en sýn heimsborgarahyggjunnar þegar alþjóðasamskipti eru útskýrð. Eina leiðin til að breyting yrði á felst í því að ríki myndu samþykka með alþjóðalögum að stofnunin ætti að sjá um framkvæmd þessa yfirþjóðlega valds. Öll aðildarríkin þurfa að samþykka það eða samþykka að valdheimildir Sameinuðu þjóðanna til íhlutana í mannúðarskyni verði víkkaðar og grundvallist á einstaklingsöryggi til jafns við ríkjaöryggi. Stofnunin er góður vettvangur fyrir aukna samvinnu meðal ríkja heims enda nærri öll ríki heimsins aðildarríki.

Glögg má sjá að alþjóðalög eiga uppruna sinn að rekja til átaka. Þau eru skilgreind út frá forsendum átaka og fullveldi. Þar sem fullveldi ríkja og átök þeirra á milli eru að sama skapi helstu áherslupunktur kenningarinnar þá er hægt að segja að raunhyggja er sú kenning sem sé ráðandi í alþjóðalögum. Hún leiðir umræðuna í alþjóðalögum og leggur áherslu á að aðkoma og umfjöllun ríkja innan laganna sé ríkjunum í hag. Áherslan er því á ríkið, fullveldi þess og afkomu en ekki afkomu einstaklinga eða hópa innan ríkjanna sjálfra.

Frá stofnun Sameinuðu þjóðanna hefur öryggisráðið ákveðið fyrir hönd stofnunarinnar hvort íhlutunarnir af mannúðarástæðum verði framkvæmdar eður ei. En samþykki innan ráðsins fyrir aðgerðum er bundið neitunarvaldi fastaríkjanna fimm. Það leiðir hagsmuni ríkjanna inn í myndina því eins og komið hefur fram þá er sameiginlegt öryggi ekki alltaf það sama og sameiginlegir hagsmunir. Fastaríkin fimm hafa vald til að gæta að hagsmunum sínum umfram önnur aðildarríki Sameinuðu þjóðanna. Þessi hagsmunabarátta væri ekki til staðar ef neitunarvaldið yrði lagt niður. Á meðan staðan er þessi er ekki hægt að segja að stofnunin starfi ávallt í þágu mannkyns í nafni mannúðar og öryggis fyrir alla. Þegar að



ákvörðunum og aðgerðum kemur eru hendur Sameinuðu þjóðanna bundnar hagsmunum einstakra ríkja.

Hugtakið verndarábyrgð er það verkfæri sem öryggisráðið getur beitt fyrir sér í þeim efnum. Á þann hátt gæti siðferðisvitund ríkja og þar af leiðandi einstaklinga líka, orðið þess áskynja að allir eiga sama rétt til að lifa án ótta eða skorts og að ríkjum ber skylda til að vernda eigin þegna. Aukin vitund um samborgara, upplýsing og fræðsla í kjölfar hnattvæðingar eru allt þættir sem auka siðferðisvitund og samkennd manna. Með aukinni siðferðisvitund færast einstaklingurinn og hagsmunir hans í kastljósið. Að þessu sögðu má koma því á framfæri að raunhyggjan telur ríki vera sjálfmiðuð og eiginhagsmunasöm því þeim er stjórnað af mönnum, sem sjálfir eru sjálfselskir og láta eiginhagsmunum ráða för. Ljóst er að ríki hegða sér ekki eins og tilfinningaverur en ríkjum er stjórnað af manneskjum með tilfinningar.

Tilurð hugtaksins verndarábyrgð hefur sýnt og sannað að breyting til batnaðar er möguleg innan alþjóðakerfis sem raunhyggjan segir vera afhuga siðferði. Miðað við hvað þróun og innleiðing hugtaksins var hæg innan Sameinuðu þjóðanna og alþjóðakerfisins þá er ekki öll von úti um að aðgerðir Sameinuðu þjóðanna í framtíðinni verði hnitmiðaðri og kröftugri til að fyrirbyggja útbreiðslu átaka. Réttlætingin fyrir aðgerðum af hálfu alþjóðlegra stofnana hefur verið viðurkennd innan alþjóðasamfélags ríkja með innleiðingu hugtaksins um verndarábyrgð og er þess nú vonandi að vænta að skilningur allra verði á þá leið sem boðaður er meðal Sameinuðu þjóðanna; að fullvalda ríkjum ber skylda til að axla þá ábyrgð sem fullveldið felur í sér og passa upp á eigin borgara með fyrirbyggjandi aðgerðum.

Hugtakið verndarábyrgð sameinar áherslumál raunhyggjunnar sem er öryggi ríkja í gegnum fullveldi og svo öryggi einstaklinga sem byggir á heimsborgarahyggju. Þessi samþætting kenninganna í einu hugtaki sem hefur hlotið hljómgrunn í alþjóðakerfinu og er að rata leið sína inn í alþjóðalög, sýnir fram á þróun og breytingu til batnaðar í alþjóðasamskiptum.

Helsta hlutverk Sameinuðu þjóðanna er að stuðla að sameiginlegu öryggi og friði. Þegar framkvæmdastjóri stofnunarinnar kvartar undan takmörkuðum valdheimildum og aðgerðaleyfi enn þann dag í dag þrátt fyrir aukin mannréttindi innan alþjóðalaga og alþjóðasamþykkt sést að langt er enn í land með það sem verndarábyrgðin stendur fyrir; fullveldi ríkja og verndarábyrgð ríkjanna gagnvart einstaklingum. Aðgerðir stofnunarinnar

eru heftar af hagsmunabaráttu og fullveldi ríkja. Má með sanni segja að Sameinuðu þjóðirnar séu líkt og vængstýfð friðardúfa. Hlutverk stofnunarinnar er og hefur verið frá upphafi að stuðla að friði og öryggi í heiminum en sem borðberi friðar hefur það hlutverk ekki alltaf gengið sem skyldi vegna varðveislu hagsmuna aðildarríkja innan stofnunarinnar.

En með auknum áherslum alþjóðakerfisins, sem og vilja Sameinuðu þjóðanna á að ríki vinni í anda heimsborgarahyggju og stuðli að aukinni verndarábyrgð og mannöryggi, eru allar líkur á að ríki heims vakni til vitundar um kosti þess að stuðla að friði og að koma í veg fyrir átök. Alþjóðakerfið sem lengi vel var talið byggjast upp á samfélagi ríkja er í raun byggt á samfélagi einstaklinga. Vöxtur heimsborgarahyggjunnar sýnir og sannar það sem og tilurð hugtakanna mannöryggi og verndarábyrgð. Þrátt fyrir ólík sjónarhorn eiga bæði raunhyggjan og heimsborgarahyggjan upp á pallborðið í dag.

## Heimildaskrá

- Annan, Kofi. „In Larger Freedom: Towards Development, Security and Human Rights for All“. *UN Chronicle*. Tbl. 1. 2005.
- Bailes, Alyson J.K. *The World of Security and Peace Research in a 40-Year Perspective*. SIPRI. 2006.
- Baylis, John. „International and Global Security“. *The Globalization of World Politics: An Introduction to International Relations*. Ritstj: John Baylis, Steve Smith og Patricia Owens,. 5.Útg. Oxford: 2011.
- Bellamy, Alex J. *Responsibility to Protect: the Global Effort to End Mass Atrocities*. Cambridge: 2009.
- Bellamy, Alex J. „Wither the Responsibility to Protect? Humanitarian Intervention and the 2005 World Summit“. *Ethics and International Affairs*. 2006. árg. 20. tbl.2.
- Bellamy, Alex J. „The Responsibility to Protect: Five Years on“. *Ethics and International Affairs*. Árg. 24.Tbl. 2. 2010.
- Brown, Chris. „Cosmopolitanism, World Citizenship and Global Civil Society“. *Human Rights and Global Diversity*. Ritstj. Simon Caney og Peter Jones. Essex: 2001.
- Brown, Chris. *International Relations Theory: New Normative Approach*. New York: 1992.
- Coker, Christopher. *Globalisation and Insecurity in the Twenty-first Century: NATO and the Management of Risk*. New York. 2006.
- Dannreuther, Roland. *International Security: The Contemporary Agenda*. Cambridge. 2007.
- Douzinas, Costas. „Human Rights, humanism and desire“. *Angelaki: Journal of the Theoretical Humanities*. Des: 2001. Árg. 6. Tbl. 3.
- Douzinas, Costas. „Postmodern Just Wars and the New World Order“. *Journal of Human Rights*. Jul-Sep: 2006. Árg. 5. Tbl. 3.
- Dunne, Tim og Brian C. Schmidt. „Realism“, *The Globalization of World Politics: An Introduction to International Relations*. Ritstj: John Baylis, Steve Smith og Patricia Owens. 5. útg. Oxford: 2011.
- Evans, Gareth. *From Humanitarian Intervention to the Responsibility to Protect*. Mars: 2006. tekið af vef International Crisis Group: <http://www.crisisgroup.org/en/publication-type/speeches/2006/from-humanitarian-intervention-to-the-responsibility-to-protect.aspx> (sótt 2. apríl 2012).
- Evans, Gareth og Mohamed Sahnoun. „The Responsibility to Protect“. *Foreign Affairs*. Árg. 81. Tbl.6. (nóv-des: 2002).
- Evans, Gareth. „Verndarábyrgðin“. *Stjórn á hættutímum: NATO fréttir*. Sumar: 2002. [http://www.nato.int/docu/review/2002/issue4/icelandic/analysis\\_pr.html](http://www.nato.int/docu/review/2002/issue4/icelandic/analysis_pr.html) (sótt 5.mars 2012).
- Gasper, Des. „Securing Humanity: Situating ‘Human Security’ as Concept and Discourse“. *Journal of Human Development*. Árg 6. tbl. 2. July 2005.

- Harris, Geoff. "Studying conflict, violence and peace in African Universities". *Higher Education*. Árg. 59. Tbl.3. Mars: 2010.
- Haynes, Jeffrey, Peter Hough, Shahin Malik og Lloyd Pettiford. *World Politics*. Essex: 2011.
- Holsti, Ole R. „Theories of International Relations“. *Explaining the History of American Foreign Relations*. Ritstj: Michael J. Hogan og Thomas G. Paterson. Cambridge: 2004.
- Johnson, Edward. *United Nations-Peacekeeper?*. England: 1995.
- Karns, Margaret P. og Karen A. Mingst. *International Organizations: The Politics and Processes of Global Governance*. London: 2010.
- Ki-Moon, Ban. *Responsibility to protect came of age in 2011: Secretary General tells Conference, Stressing need to Prevent Conflict Before it Brakes out*. Ræða flutt við Stanley-stofnunina 12. janúar 2012.  
<http://www.un.org/News/Press/docs/2012/sgsm14068.doc.htm> (sótt 6. mars 2012).
- Kompás, handbók um mannréttindi fyrir ungt fólk, Evrópuráðið. Tekið af vef menntamálaráðuneytisins [http://vefir.nams.is/kompas/pdf\\_klippt/5.kafli/10.pdf](http://vefir.nams.is/kompas/pdf_klippt/5.kafli/10.pdf) (sótt 5. mars 2012).
- Linklater, Andrew. „Globalization and the Transformation of Political Community“. *The Globalization of World Politics: an Introduction to International Relations*. Ritstj: John Baylis og Steve Smith. 3. Útg. Oxford. 2006.
- Malone, David M. „Introduction“. *The UN Security Council: From the Cold War to the 21st Century*. Ritstj: David M. Malone. Colorado: 2004.
- Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu Þjóðanna*. Tekið af vef Velferðarráðuneytis Íslands: [http://www.velferdarraduneyti.is/media/JafnrettiNu/Mannrettinda\\_ICEHR.pdf](http://www.velferdarraduneyti.is/media/JafnrettiNu/Mannrettinda_ICEHR.pdf) (sótt 13.feb. 2012).
- Mannréttindi í íslenskri utanríkisstefnu*. 2007. Tekið af vef Utanríkisráðuneytisins: [http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Utgafa/Mannrettindi\\_i\\_islenskri\\_utanrikisstefnu.pdf](http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Utgafa/Mannrettindi_i_islenskri_utanrikisstefnu.pdf) (sótt 26. mars 2012).
- Mcrae, Rob. „Human Security in a Globalised World“. *Human Security and the New Diplomacy*. Ritstj. Rob Mcrae og Don Hubert. London. 2001.
- McGrew, Anthony. „Globalization and global politics“. *The Globalization of World Politics: An Introduction to International Relations*. Ritstj: John Baylis, Steve Smith og Patricia Owens. 5. útg. Oxford: 2011.
- Nardin, Terry „The Moral Basis of Humanitarian Intervention“. *Ethics and International Affairs*. Apríl: 2002.
- Nye, Joseph S. Jr. *Understanding International Conflicts: An Introduction to Theory and History*. 5 útg. New York: 1995.
- Paris, Roland. „Human Security: Paradigm shift or hot air?“. *International Security*. Árg. 26. Tbl. 2. Haust: 2001.
- Peck, Connie. „The Role of Regional Organisations“. *Turbulent Peace: The Challenges of Managing International Conflict*. Ritstj: Chester A. Crocker og fleiri. 4a útg. Washington. 2006.

- Pogge, Thomas. *World Poverty and Human Rights*. Cambridge: 2002.
- Stofnsáttmáli*, tekið af vef Upplýsingaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna fyrir Vestur-Evrópu: <http://www.unric.org/is/upplýsingar-um-st/13> (sótt 2. Apríl 2012).
- Shapcott, Richard. „International Ethics“. *The Globalization of World Politics: An Introduction to International Relations*. Ritstj: John Baylis, Steve Smith og Patricia Owens. 5. Útg, Oxford: 2011.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. *Virðing og umhyggja: Ákall 21. aldar*. Reykjavík: 2007.
- Thakur, Ramesh. „Intervention, Sovereignty and the Responsibility to Protect“. *Security Dialouge*. Árg. 33. Tbl. 3. September: 2002.
- Thomas, Caroline. *Poverty*. Routledge. 2008.
- Uppbygging á hæfni*, tekið af vef UNHCR.se: <http://www.unhcr.se/is/vidgerum/haefnisuppygging.html> (sótt 31. mars 2012).
- Wallensteen, Peter. *Understanding Conflict Resolution: War, Peace and the Global System*. London: 2005.
- Wheeler, Nicholas J. „Humanitarian Vigilantes or Legal Entrepreneurs: Enforcing Human Rights in International Society“. *Human Rights and Global Diversity*. Ritstj. Simon Caney og Peter Jones. Essex: 2001.
- Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna. 2004. „Human Development Report“. [http://hdr.undp.org/en/media/hdr\\_1994\\_en\\_chap2.pdf](http://hdr.undp.org/en/media/hdr_1994_en_chap2.pdf) (sótt 4. apríl 2012).
- Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna. Ályktun 1674. 28. apríl 2006. Tekið af vef Sameinuðu þjóðanna: <http://daccess-dds-ny.un.org/doc/UNDOC/GEN/N06/331/99/PDF/N0633199.pdf?OpenElement> (sótt 9. apríl 2012).